



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

2015

Mynd á forsíðu

Myndina tók Magnús Ólafsson (1862–1937) 7. júlí 1915 þegar hátiðarstemning ríkti á Austurvelli í tilefni af nýfengnum kosningarétti kvenna sem staðfestur var af konungi 19. júní sama ár.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 61.

EFNISYFIRLIT



Bls.

Inngangur	2
Skipulag	4–5
Pistlaröð í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna	6–7
Heiður og huggun	8
Í fótspor Árna Magnússonar	9
Gagnasöfn	10–11
Rannsóknir og útgáfa	12–17
Miðlun og kennsla	18–20
Alþjóðlegt samstarf	21–23
Samstarf innanlands	24–25
Viðburðir 2015	26–28

Tvær konur fyrir framan timburbyggingu á Þingvöllum. Myndin var tekin í tengslum við konungskomuna 1907. Konan með þönnukökupönnu og spræða er líklega Theódóra Sveinsdóttir (1876–1949) matreiðslukona. Konan með bolla á bakka er ónafngreind. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson (1862–1937). Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 1745.



INNGANGUR

Árið 2015 var viðburðaríkt og blómlegt í starfi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Ársskýrslan rekur mikilvæga áfanga í starfseminni og lýsir rannsóknarverkefnum sem oftast en ekki eru unnin í frjóu samstarfi við samstarfsmenn innanlands og erlendis. Öflugt samstarf er lykilatriði í starfi stofnunarinnar. Árnastofnun er háskólastofnun sem tengir háskóla og atvinnulíf, hún varðveitir og býr til rannsóknargögn, er vettvangur samstarfs og miðlar niðurstöðum og gögnum til almennings. Doktorsnemar, nýdóttor, innlendir jafnt sem erlendir fræðimenn á fræðasviðum stofnunarinnar sækjast eftir rannsóknaraðstöðu og er nú svo komið að núverandi húsnaði stofnunarinnar getur ekki annað eftirspurninni.

Starfsemi stofnunarinnar er á þremur stöðum í bænum og engin aðstaða er til að setja upp sýningu um bókmenntaarf Íslendinga. Glataður tími er það sama og glötuð tækifæri. Nú standa vonir til þess að framkvæmdir við Hús íslenskra fræða haldi áfram á næsta ári og að ævintýrið um aflstöð íslensknar verði loksins að veruleika.

Stærstu breytingarnar á starfseminni á árinu urðu þegar orðfræðisvið, nafnfræðisvið og málræktarsvið fluttu af Neshaga 16 á Laugaveg 13. Flutningarnir röskuðu mjög starfinu á þessum sviðum, en nú fer vel um starfsemina á Laugaveginum. Rannsóknarbókasafn sviðanna, sem er einkar sterkt á sviði málfraði og nafnfræði, er mjög aðgengilegt og er þar betri lestraraðstaða fyrir fræðimenn og gesti en var á fyrri stað.

Núverandi húsnaði leyfir ekki sýningar á handritum og því var þátttaka í tveimur sýningum kærkomin á árinu. Handrit um landnámið eru nú á sérsýningu í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur í tengslum við Landnámssýninguna í Aðalstræti. Stofnunin tekur einnig þátt í sýningunni Sjónarhorn í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Sýningarnar eru í báðum tilfellum afrakstur einstaklega gjöfulegs samstarfs við innlend söfn.

Stofnunin stóð fyrir mörgum fundum og alþjóðlegum ráðstefnum á árinu. Árlegur fundur íslenskukennara við erlenda háskóla var haldinn í Reykjavík í maí og í tengslum við hann var ráðstefna um íslensku sem annað mál. Haldin var norræn ráðstefna í júní um iðorðafræði. Sumarskólar í íslensku sem öðru máli, sem alþjóðasvið sér um að skipuleggja, eru haldnir á hverju sumri við miklar vinsældir og komast færri að en vilja. Sumarskóli í handritafræðum var í ágúst.

Á síðasta ársfundi var sjónum beint að nauðsyn myndarlegs átaks í máltækni og var umræðan á fundinum liður í að hvetja stjórnvöld til að hrinda af stað skýrri og fjármagnaðri áætlun. Nú standa vonir til þess að hún verði fljótlega að veruleika.


Á árinu var því fagnað að 100 ár voru liðin frá því að konur og vinnumenn, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt. Starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og samstarfsfólk mörkuðu þennan atburð með því að skrifa á heimasíðu stofnunarinnar vikulega pistla um konur í menningarsöggunni. Pistlarnir munu koma út á bók nú í júní sem bera mun heitið *Konan kemur við sögu*. Myndin á forsiðu ársskýrslunnar var tekin á hátiðarsamkomu á Austurvelli árið 1915 í tilefni nýfengings kosningaréttar kvenna.

Guðrún Nordal forstöðumaður



Starfsfólk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í grunninum að húsinu sem mun hýsa starfsemi stofnunarinnar og kennslu og rannsóknir í íslensku og íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands.

SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



SKIPULAG

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra með stjórn sem er forstöðumanni til ráðgjafar.

STJÓRN OG STARFSLIÐ 2015

Stjórn

Þorsteinn Pálsson formaður, Katrín Jakobsdóttir varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius. Þau þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands.

Fastráðnir starfsmenn í árslok voru 33. Samverkamenn og starfsmenn með tímabundna ráðningu eru auðkenndir með skáletri.

Forstöðumaður

Guðrún Nordal prófessor.

Alþjóðasvið

Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Kristín Una Friðjónsdóttir deildarstjóri.

Handritasvið

Margrét Eggertsdóttir, rannsóknarprófessor og stofustjóri, *Emily Lethbridge*, nýdoktor hjá miðaldastofu, Guðrún Ása Grímsdóttir rannsóknarprófessor, Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknardósent, Hersteinn Brynjólfsson forvörður, *Haraldur Bernharðsson*, dósent og forstöðumaður miðaldastofu, Haukur Þorgeirsson rannsóknarlektor, Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, Marie Curie-styrkþegi við Harvard-háskóla og stofnunina, Jóhanna Ólafsdóttir ljósmyndari, *Katelin Parsons verkefnisstjóri*, *Ludger Zeevaert sérfræðingur*, Signe Hjerrild Smedemark forvörður, Svanhildur María Gunnarsdóttir safnkennari, Svanhildur Óskarsdóttir rannsóknardósent (í leyfi 2015), *Þórður Ingi Guðjónsson ritstjóri Íslenzkra fornrita*.

Málræktarsvið

Ari Páll Kristinsson, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Ágústa Þorbergsdóttir málfræðingur, Jóhannes B. Sigtryggsson málfræðingur.

Nafnfræðisvið

Hallgrímur J. Ámundason, verkefnisstjóri og stofustjóri, Margrét Valmundsdóttir verkefnisstjóri.

Orðfræðisvið

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri, Jón Hilmar Jónsson rannsóknarprófessor, Kristín Bjarnadóttir rannsóknarlektor, Sigrún Helgadóttir verkefnisstjóri, Þórdís Úlfarsdóttir ritstjóri.

Þjóðfræðisvið

Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Rósa Þorsteinsdóttir rannsóknarlektor.

Stjórnsýslusvið

Kári Kaaber fjármálastjóri, Antonio Costanzo öryggisvörður, Guðmundur G. Guðmundsson öryggisvörður, Helga Ingvarsdóttir ræstingarmaður, Philip Roughton öryggisvörður, Ríkarður Owen öryggisvörður, Rósa Sveinsdóttir deildarstjóri, Soffía Guðný Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Steinþór Steingrímsson verkefnisstjóri.

Bókasafns- og upplýsingasvið

Ólöf Benediktsdóttir bókavörður.

Starfsmönnum fjölgaði um tvo tímabundið yfir sumar-mánuðina og unnið var að fjölbreyttum verkefnum á öllum sviðum stofnunarinnar. Þrír starfsmenn voru ráðnir í sumar-átaki Vinnuálastofnunar. Í ársskýrslunni er þeirra getið í tengslum við þau verkefni sem þeir unnu helst við. Auk þess hlutu stúdentar styrki til ákveðinna verkefna sem þeir unnu í styttri tíma og aðrir unnu lokaverkefni við Háskóla Íslands sem tengdust verkefnum á stofnuninni og er þeirra getið þar sem þau eru nefnd. Rúmlega sjötti gestafræðimenn höfðu aðstöðu á stofnuninni á árinu, þar af tólf doktorsnemar og níu fyrrverandi starfsmenn.

Ritstörf og erindi starfsmanna 2015 eru birt í vefútgáfu ársskýrslunnar, www.arnastofnun.is/page/arsskyrslur

Húsnæðismál

Hluti af starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fluttist frá Neshaga 16 að Laugavegi 13, 101 Reykjavík. Þar eru til húsa málræktarsvið, nafnfræðisvið og orðfræðisvið. Að sama skapi fluttist þangað aðsetur þeirra nefnda sem stofnunin þjónar: Íslenskrar málnefndar, Málnefndar um íslenskt táknmál og Örnefnanefndar.

Á Laugavegi 13 hefur stofnunin til umræða 4. og 5. hæð, auk herbergis á 3. hæð. Seðlasöfn Orðabókar Háskólans eru þar aðgengileg sem og bóka- og skjalasöfn. Þar er aðstaða og lesrými fyrir stúdenta, gesti og fræðimenn í tímabundnum verkefnum.



Laugavegur 13 í Reykjavík hýsir nú málræktarsvið, orðfræðisvið og nafnfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

PISTLARÖÐ Í TÍLEFNI AF 100 ÁRA AFMÆLI KOSNINGARÉTTAR KVENNA

Í upphafi árs 2015 barst fyrirspurn frá Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra afmælisnefndar 100 ára kosningaréttar kvenna á Íslandi, til forstöðumanns Árnastofnunar. Erindið var hvort stofnunin gæti með einhverjum hætti tekið þátt í hátíðarhöldunum og minnst þessara tímamóta. Eftir umhugsun forstöðumanns varð til hugmynd um afmælisvef á heimasíðunni þar sem birtir yrðu pistlar sem starfsmenn rituðu; pistlar sem fjölluðu um konur og kvenmenningu í aldanna rás og tengdust fræðasviðum og starfsemi stofnunarinnar. Þess ber að geta að afmælisnefndin veitti verkefninu 250 þúsund króna styrk.



Svanhildur María Gunnarsdóttir

Hugmyndin um sérstakan vef fékk góðar undirtektir á meðal starfsmanna og var Svanhildur María Gunnarsdóttir fengin til þess að halda utan um verkefnið og ritstýra vefsíðunni. Svanhildur María segir viðbrögð starfsfólks strax hafa verið góð og inn hafi streymt stuttir pistlar (og sumir örlítið lengri), léttir og leikandi um allt mögulegt þar sem fjallað var til að mynda um örnefni, nýyrði, tölur, kenningar í skáldskap, kvæða- og sagnakonur, skáldkonur og konur í bókmenntum og þjóðlífi fyrr og síðar, handrit í eigu kvenna eða handrit skrifuð af konum.

„Þó að starfsfólkið hafi í upphafi verkefnisins lagt drjúgan skerf til pistlaraðarinnar dugði það ekki til og þá hófst ég handa við að leita eftir áhugaverðum skrifum – þar sem konan kæmi við sögu – á meðal gestafræðimanna stofnunarinnar, doktorsnema, nýdoktora og fyrrum starfsmanna,“ segir Svanhildur María um reynsluna af umsjón þessa viðamikla verkefnis sem vatt svo sannarlega upp á sig:

„Pistlarnir á vefnum urðu alls 40 á árinu og þar sem þeir reyndust allt í senn skemmtilegir, alþýðlegir og fræðandi kom upp sú hugmynd að gefa þá út á bók. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar barst mér öflugur liðsauki við ritstjórn bókarinnar og ákváðum við að gera enn betur og bæta við 12 pistlum svo úr yrðu 52 pistlar; einn fyrir hverja viku afmælisársins 2015. Þetta hafðist og þannig höldum við áfram að minnast 100 ára kosningaréttar kvenna á Íslandi, og það sem meira virði er að með útgáfunni gefst enn fleirum tækifæri að lesa pistlana í snoturri, aðgengilegri og tiltölulega stuttri bók sem mun bera heitið *Konan kemur við sögu*.“



Kristján Eiríksson

„Ég var að lesa bók eftir hana Kristínu Sigfúsdóttur skáldkonu þar sem hún fjallar um föðursystur sína, Hansínu Hansdóttur, sem var fljúgandi hagamælt en því miður var ekkert skráð eftir henni. Og þá verður mér hugsað til þess hversu mikið hefur glatast af vísum alþýðukvenna. Sögur herma að þessi tiltekna kona hafi ort mjög mikið, verið sem kallað er talandi skáld. Í bernskuminningum sínum segir Kristín frá, með mikilli eftirsjá, ljóði eftir Hansínu sem fjallar um lamb sem dó og var lagt lambinu sjálfu í munn. Það var svo hjartnæmt að þær fóru báðar að gráta yfir því, sú sem orti og sú sem heyrði það fyrst flutt. En þetta kvæði er hvergi til í dag, aðeins minningin um það, í þessari grátfögru frásögn.

Í mínu ungdæmi voru karlar og konur yrkjandi á öðrum hverjum bæ í sveitinni. Af þessum kveðskap alþýðufólks er sáralítið til eftir karlana og enn minna eftir konurnar sem þó voru ekki siðri skáld en karlarnir. Karlarnir voru einhvern veginn duglegri við að flíka sínum kveðskap. Í smásögunni Grasaferð skrifar Jónas Hallgrímsson að það þætti ekki við hæfi að konur væru mikið að fást um skáldskap. Ég hef því rökstuddan grun um að miklu meira hafi glatast af skáldskap kvenna og þess vegna tók ég jafnframt til umfjöllunar í greinarkorni mínu

Vissir þú?

- Að til er Búkollusaga sem endar á að kýrin reynist prinsessa í álogum.
- Að hvergi í Íslendingasögum er brugðið upp mynd af konu gefa barni brjóst.
- Að Vilborg Jónsdóttir, móðursystir Guðbrands Þorlákssonar biskups, var nefnd Söngva-Borga. Hún var þekkt förukona sem ferðaðist frá bæ til bæjar og launaði fyrir sig með söng, en varð að endingu úti.

ákveðna ferskeytlu, sem var eignuð öðrum á tímabili, en allir þekkjá; Litla jörp með lipran fót. Hún er örugglega eftir Hjallalands-Helgu eða Skáld-Helgu eins og hún var líka kölluð. Það er eiginlega vegna þessara kvenna og fleiri skáldmæltra kynsystra þeirra sem mér finnst manni renna blóðið til skyldunnar að reyna að rétta þeirra hlut þó í litlu sé."



Ludger Zeevaert

„Ég kaus að fjalla um eitt af handritum Margrétar sögu en það er mjög falleg litil bók í tréspjöldum. Bækur með texta sögunnar voru bundnar við læri fæðandi kvenna sem fær mann til að hugsa um hvað það var hættulegt að eignast börn, nokkuð sem ekki er mikið fjallað um nú til dags. En það er fleira sem heillar mig við þetta smáa handrit.

Handritið var mjög lengi til sýnis í Þjóðmenningarhúsinu svo margir muna eftir því þaðan. En fyrir mig hefur þetta handrit alveg sérstaka þýðingu því um það fjallaði fyrsta alvöru verkefnið mitt er ég fór í handritaskólann hér í Reykjavík eitt sumarið fyrir um 10 árum síðan. Ég hafði alltaf haft mikinn áhuga á handritum en það var mjög lærdómsríkt að vera sleppt lausum og fá hæfilega leiðsögn. Þannig á ég mjög góða minningu um þessa litlu bók.

Þegar maður hugsar um íslensk miðaldahandrit eru heilagra manna sögur ekki það sem kemur fyrst upp í hugann því þetta er latnesk bókmenntagrein. Þó að ég sé nú skráður í þjóðkirkjuna hér þá er ég alinn upp í kaþólskri trú. Þegar ég sem barn í Þýskalandi fór í messu fékk ég myndabækur til að skoða á meðan á guðsþjónustunni stóð. Í þeim voru oft heilagra manna sögur og bækurnar voru litlar, svipaðar að stærð og handritið með Margrétar sögu. Þegar ég fékk svo þetta litla handrit í hendur var ég eiginlega kominn aftur til þessarar minningar úr bernsku minni.

Í bókinni er líka einstaklega myndræn lýsing á dreka sem springur í loft upp og slikt höfðar nú til fólks á öllum aldri."



Aðalheiður Guðmundsdóttir

„Mig langaði til að vekja áhuga á fornaldarsögnum í þessu samhengi, sögnum sem ég er sjálf að rannsaka, því það eru margir sem þekkjá þær ekki vel. Stundum er talað eins og kúgun kvenna fyrr á öldum hafi verið slík að sterkar konur hafi ekki getað látið að sér kveða og risið upp. Í miðaldabókmenntunum eru hins vegar mörg dæmi um að konur geri uppreisn, a.m.k. tilraunir til þess, og þótt kvenhetjum sagnanna sé yfirleitt komið á sinn stall aftur, þá tala sögurnar sínu máli. Þær minna okkur á að draumar kvenna um aukin völd eru ekki nýir af nálinni.

Það er merkilegt að velta fyrir sér lífi kvenna hér áður fyrr, konum sem voru jafnvel gæddar sköpunargáfu og voru fullar af athafnagleði, líkt og svo margar konur eru í eðli sínu. Hvernig braust þessi kraftur út þegar konur gátu ekki menntað sig eða haft bein áhrif í samfélaginu? Var nóg fyrir þær að stjórna og starfa innanstokks, og nutu gáfur þeirra sín þar? Í hvaða farveg féll sköpunin?

Á sama tíma og ég gleðst yfir þeim árangri sem hefur náðst, óttast ég alltaf um þau réttindi sem íslenskar konur hafa áunnið sér – að þau fjari út ef við sofnum á verðinum. Konur eiga í vök að verjast og maður sér það víða í samfélaginu og á samfélagsmiðlum að rötgróin og gamaldags viðhorf eru hér og hvar enn við lýði. Það er augljóst að við megum ekki gefa eftir, en þurfum við þá alltaf að standa í baráttu? Ekki beinlínis, held ég, þ.e. það þurfa ekki allar konur að vera í sífelldri uppreisn. Baráttan fer ekki síður fram í gegnum verk okkar kvenna, og með því að nota sköpunargáfu okkar, hæfileika og krafta til góðra verka, leggjum við bæði af mörkum til samfélagsins og jafnréttisbaráttunnar. Verk okkar smita út frá sér, og þátttaka okkar og nærvera í rannsóknum og á sviði æðri menntunar skilar sér í hugmyndum og heimsmynd yngra fólks."

HEIÐUR OG HUGGUN



Bókin *Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld* eftir dr. Þórunni Sigurðardóttur kom út í október 2015. Síðan þá hefur bókinni hlotnast margvíslegur heiður en hún hlaut Fjöruverðlaunin í flokki fræðiritra og Menningarverðlaun DV auk þess að vera tilnefnd til viðurkenningar Hagþenkis.

Þórunn Sigurðardóttir vann að efni bókarinnar í rúman áratug en segist hafa undrast viðtökur: „Ég bjóst ekki við að fræðirit um 17. aldar kveðskap fengi svona mikla athygli. Þetta er auðvitað ánægjulegt en kom mér virkilega á óvart. En þegar maður fer að hugsa betur um hvers vegna þá áttar maður sig á að þessi harmljóð, sem ekki hafa verið vel þekkt til þessa, enda flest aðeins varðveitt í handritum, höfðu til fólks því allir lenda í sorg vegna ástvinamissis. Og þó að kvæðin séu gömul þá tjá þau tilfinningar sem við í nútímanum þekkjum vel. Þarna er fjallað um sammanlegga reynslu sem er eins þótt aldirnar líði.

Svo höldum við stundum að hjólið hafi verið fundið upp á 20. öld en þá þróaðist aðferð til að eiga við sálrænan sársauka sem kallast samtalsmeðferð. Í kvæðunum er talað um sömu þörf og samtalsmeðferðin byggist á og nefni ég oft þessi visuorð eftir Guðmund Ólafsson frá Söndum sem dæmi:

Það er min hollust harmabót hugann og mál að hræra.

Allir hafa þörf fyrir að hugsa og tala um sorg sína. Á 17. öld hafði fólk ekki sálfræðinga en ávarpaði ýmist Guð, sálina eða hinn látna. Það má greina í kveðskapnum alla þætti sorgarferlisins eins og það hefur verið greint af fræðimönnum nútímans. Fólk yrkir í harmljóðum í fyrstu persónu um tilfinningar sínar og maður sér uppnám, æsing, endurtekningar og sektarkennd. Einnig leit þess sem lifir eftir að hinum látna. Að lokum nær ljóðmælandinn sátt sem á 17. öld felst í því að menn sjá hinn látna á himnum og sætta sig við að næsti fundur þeirra verði einmitt þar. Kannski vantar okkur svona skýra lokaniðurstöðu í dag þegar guðstrú hefur minnkað til muna.

Það gladdi mig mikið þegar eitt af harmljóðunum, sem ég fann í handriti og gaf út í bókinni, rataði í kennslubók handa framhaldsskólum. Kennarinn sá í þessu ljóði tækifæri til að ræða við ungmennin um þessar sammanleggu sáru tilfinningar og býst ég við að það sé hverjum nemanda gott veganesti."


Í FÓTSPOR ÁRNA MAGNÚSSONAR

Verkefnið í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi hófst á árinu með myndarlegum styrk úr Háskólasjóði, en einnig með stuðningi frá Eimskipafélagi Íslands og Landsbanka Íslands. Markmið verkefnisins er að taka Árna Magnússon okkur til fyrirmyndar og skrá þau handrit og bækur sem innflytjendur til Kanada og Bandaríkjanna tóku með sér frá gamla landinu, en einnig handrit sem urðu til vestan hafs og geyma ómetanlegar heimildir um íslenskt mannlíf í Vesturheimi. Handrit í opinberum söfnum og einkaeigu í Kanada og Bandaríkjunum verða skráð inn á gagnagrunninn www.handrit.is og þannig tengd við önnur íslensk handrit.

Katelin Parsons er verkefnisstjóri og vann hún við söfnun og skráningu í Winnipeg frá janúar til apríl. Hún heimsótti eigendur handrita í Winnipeg og í Íslendingabyggðum norðar í Manitoba, myndaði handrit og skráði upplýsingar um þau. Sum handrit hafði hún fundið í rannsóknarferð árið 2009.

Katelin barst liðsauki um mitt ár frá Ryan Johnson sem einnig er í doktorsnámi við Háskóla Íslands en hefur aðsetur í Winnipeg. Hann kynnti verkefnið á 96. þingi Icelandic National League of North America í Minneapolis/St. Paul. Af því tilefni birti hann einnig grein um verkefnið í tímaritinu Löfgbergi-Heimskringlu.

Verkefnið mun styrkja tengsl Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við vesturíslenskt samfélag og þá háskóla þar sem íslensk fræði eru kennd. Með því að skrá handritin í gagnagrunninn [handrit.is](http://www.handrit.is) verður tryggður greiður aðgangur fræðimanna um allan heim að upplýsingum um vesturíslensk handrit og jafnframt aðgangur afkomenda Vesturfara að þessum sameiginlega menningararfi. Vonast er til að möguleikar opnast á samanburðarannsóknnum við aðra hópa sem settust að í Vesturheimi á sama tímabili og á Íslandi.



GAGNASÖFN

„Rauða blokkinn“ í Vesturbæ Reykjavíkur er eitt þeirra örnefna sem ratað hafa á örnefnaskrá fyrir þennan borgarhluta. Nafnið fylgir blokkinni enn hjá mörgum Vesturbæingum þótt hún hafi verið alhvít um árabíl.

Handrit

Í handritasafn stofnunarinnar bættust fjögur ný handrit á árinu. Guðrún Kvaran afhenti handrit Huldar sögu til framtíðarvarðveislu í safninu. Það var áður í eigu foreldra hennar, Böðvars og Guðrúnar Kvaran. Þá gaf Einar Sigurbjörnsson stofnuninni tvö handrit úr eigu föður síns, Sigurbjörns Einarssonar biskups. Loks færði Bókasafn Kópavogs stofnuninni til varðveislu sagnahandrit með hendi Árna Álfssonar skósmiðs (1868–1895) sem komið hafði úr dánarbúi Björns Karels Þórólfssonar.

Nýr forvörður stofnunarinnar, Signe Hjerrild Smedemark, kannaði ástand allra handrita í safninu og skrifaði um það skýrslu. Niðurstöður hennar eru þær að langflest handritanna séu í góðu ásigkomulagi. Þó þurfa 80 handrit mikilla viðgerða við; mest eru það pappírshandrit sem nýlega eru komin í vörslu stofnunarinnar. Signe gerði enn fremur úttekt á varðveisluskilyrðum handritanna í geymslunni og við notkun þeirra á stofnuninni. Í geymslunni er einkum rakastýringu ábótavant en við notkun á stofnuninni stafar handritunum helst hættu af ljósi, m.a. útfjólublárrí geislu frá sólu. Úr þessu þarf að bæta en einnig þarf að fylgjast betur með loftgæðum í handritageymslunni með mælingum og hefur verið pantaður búnaður til þess.

Á árinu var bætt við myndum af 145 handritum og fornbréfum SÁM á vefinn handrit.is. Þar eru meðal annars nýjar myndir í hárrí upplausn af Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða. Stofnunin hafði einnig milligöngu um að bæta við myndum af 35 handritum Den Arnamagnæanske Samling á vefinn, þar á meðal eru konungasagnahandritin Hulda (AM 66 fol.) og Frísbók (AM 45 fol.). Vinna hófst að nýju við skráningu safnmarka á vefinn. Skráð voru elstu fornbréf stofnunarinnar fram til um 1400. Einnig voru skráð nokkur nýleg aðföng í handritasafnið.

Mál og orðaforði

Flutningur á seðlasöfnum og margvíslegu öðru gagnaefni orðfræðisviðs af Neshaga á Laugaveg reyndist að vonum ærið verkefni. Búið hefur verið um söfnin í nýjum og traustum hirslum með góðu aðgengi. Talsverð vinna var lögð í að koma sem bestri skipan á allt það gagnaefni sem varðveitt er á pappír og er því nú betur fyrir komið en áður.

Söfn Orðabókar Háskólans

Stofnunin varðveitir seðlasöfn Orðabókar Háskólans, *Ritmáls-safn*, *Talmáls-safn* og ýmis smærri sérsöfn, auk rafrænna

gagnasafna sem sprottin eru af þeim og aðgengileg eru til leitar á vefsíðu stofnunarinnar. Stærst þessara safna er Ritmáls-safn Orðabókar Háskólans (sjá <http://www.arnastofnun.is/page/ritmalssafn>) sem áætlað er að geymi um 2,5 milljónir notkunardæma um nálægt 700 þúsund orð sem safnað var úr íslenskum ritum frá tímabilinu 1540 til síðari hluta 20. aldar. Gagnagrunnurinn með rafrænu gögnum er orðinn gamall og þarfnast endurnýjunar til að greiða fyrir aðgengi að gögnum og frekari þróun safnsins.

Á árinu barst stofnuninni að gjöf íslenskt orðasafn frá dr. Owe Gustavs í Hiddensee í Þýskalandi sem um árabíl starfaði við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Institut für Hochseefischerei und Fischverarbeitung) í Rostock, einkum við þýðingar texta á Norðurlandamálum og rússnesku. Orðasafnið snertir sérstaklega orðafar um fiskiðnað og eru dæmi um orðanotkun að verulegu leyti fengin úr tímaritinu *Ægi* og *Þjóðviljanum*. Owe Gustavs vann að þessu orðasafni í fristundum sínum á árunum 1966–1997 og telur það nú alls um 20 þúsund seðla.

Íslenskt textasafn

Íslenskt textasafn geymir rafræna texta frá ýmsum tímum en einkum frá síðustu áratugum. Safnið hefur stækkað talsvert á undanföllum árum og í því eru nú alls um 93 milljónir lesmálsorða. Umsjónarmaður textasafnsins er Þórdís Úlfarsdóttir.

Íðorð

Ágústa Þorbergsdóttir er ritstjóri Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Um 50 orðasöfn eru í birtingarhluta hans. Unnið var að endurbótum og viðbótum við ýmis íðorðasöfn, t.a.m. Líförðasafn (líftækni hugtök), Ríkjaheiti, Tungumálaheiti, Orðasafn í tómsstundafræðum, Orðasafn í menntunarfræðum, Orðasafn í hannyrðum (þrjón), Íðorðasafn lækna, Plöntuheiti, Raftækni orðasafn, Orðasafn um byggingarlist, Orðasafn um myndlist, Orðasafn um steypu (hluti af Orðasafni í byggingarverkfræði), Orðasafn í fornleifafræði og Orðalista LÍSU (Samtök um landupplýsingar fyrir alla).

Málfarsbankinn

Ritstjóri er Jóhannes Bjarni Sigtryggsson. Í Málfarsbankanum er hægt að slá inn leitarorð sem lúta að málnotkun og finna úrlausnir sem teknar hafa verið saman. Alls er þar að finna um 8.000 flettugreinar (málfarsábindingar og úrlausnir).



Stafsetningarorðabókin

Rafræn gerð *Stafsetningarorðabókarinnar* (1. útgáfu) er í opnum og ókeypis aðgangi á snöru.is. Jóhannes B. Sigtryggsson er ritstjóri 2. útgáfu og verður þessi nýja útgáfa hennar eingöngu gefin út á Netinu. Jóhannes vann við hana á árinu. Áhersla var lögð á millivísanir, innsetningu nýrra orða og leiðréttingar. Jafnframt vinnu að 2. útgáfu starfar Jóhannes með Íslenskri málnefnd að endurskoðun íslenskra ritreglna og tengist sú vinna endurskoðun bókarinnar.

Örnefni

Nafnfræðisvið Árnastofnunar er aðili að gagnasafninu Sarp (www.sarpur.is) sem er í sameign nokkurra safna á Íslandi, þar á meðal Þjóðminjasafns Íslands, Minjasafns Reykjavíkur, ýmissa minja- og byggðasafna víðs vegar um landið, listasafna o.fl. Dágóður hluti af örnefnaskrá Örnefnasafns Árnastofnunar er þegar kominn í gagnagrunninn og hægt að leita þar að örnefnum og öðru tengdu efni. Áður en langt um líður verða allar örnefnaskráir komnar inn í Sarp. Nú þegar er meginhluti örnefnaskráa í Örnefnasafni aðgengilegur á rafrænu formi sem pdf-skjöl.

Þjóðfræði

Rósa Þorsteinsdóttir hitti Ásu Ketilsdóttur kvæða- og sagnakonu einu sinni á árinu og hélt áfram að hljóðrita ævintýri hennar og sögur. Þá vann María Hödd Lindudóttir þjóðfræðinemi að verkefninu „Þjóðfræðilegur menningararfur sagna og sagnabrotu tengdur landinu. Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla“ sem fólst í því að skrásetja þjóðsagnatengda staði á svæðinu. Verkefnið var styrt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og leiðbeinendur voru Rósa Þorsteinsdóttir og Bjarni Harðarson. Í verkefninu fólst m.a. að hljóðrita frásagnir

sögufróðs fólks og munu þau viðtöl bætast í safnið. Nokkrir afhentu hljóðrit á ýmsu formi, allt frá lakkplötu með söng sem Ásgeir Beinteinsson hafði fundið í fórum ömmu sinnar og snældum sem Örn Magnússon afhenti fyrir hönd Laufeyjar Erlu Sophusdóttur með efni af Ströndum, til stafrænna hljóðrita frá Margaret Cormack og Birni Pálssyni sem afhenti viðtöl sem hann hefur tekið vegna bókar sinnar *Saga Þorlákshafnar*. Eins og undanfarin ár tók safnið við viðtölum nemenda í námskeiðinu Söfnun þjóðfræða. Námsverkefni Önnu Ragnarsdóttur Pedersen þjóðfræðinema, sem hún lauk á vorönn 2015, fólst í því að ljúka við frumskráningu á upptökum Eddu Kristjánsdóttur sem hljóðritaðar voru fyrir aldamótin síðustu.

Haldið var áfram afritun og skráningu á eldra efni og ýmsum leiðréttingum og lagfæringum á Ísmús. Sjö pantanir á afritum voru afgreiddar til nota við rannsóknir og hugsanlega útgáfu, til fræðslu og skemmtunar, og var það mest efni sem enn er ekki aðgengilegt á Ísmús.

Gagnabankar á alþjóðasviði

Alþjóðasvið annast gagnabanka um erlenda háskóla þar sem kennd er íslenska, bæði forn málið og nútímamál. Upplýsingar 78 háskóla sem kenna forníslensku og 49 skóla sem kenna nútímáíslensku eru aðgengilegar í gagnabankanum sem er vistaður á heimasíðu stofnunarinnar. Rósa Sveinsdóttir og Kristín Una Friðjónsdóttir sáu um að uppfæra upplýsingarnar á árinu. Slóðin er: http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_íslenska_erlendis

Á alþjóðasviði er einnig haldið utan um gagnabanka um fræðimenn í íslenskum fræðum. Í gagnabankann eru skráðir um sjö hundruð fræðimenn í íslenskum fræðum víða í heiminum. Rósa Sveinsdóttir og Kristín Una Friðjónsdóttir sáu um að uppfæra upplýsingarnar. Gagnabankann má finna á slóðinni: <http://www.arnastofnun.is/page/frædimannaskra>



Pórður Ingi Guðjónsson, Sigríður Kristjánsdóttir, Guðrún Nordal og Gísli Sigurðsson í útgáfuteiti í tilefni af útkomu ritsins Sagnalíf sem hefur að geyma 16 greinar eftir Jónas Kristjánsson sem féll frá ári fyrr.

RANNSÓKNIR OG ÚTGÁFA

Rannsóknarbókasafn

Á síðasta ári voru þrjú smærri bókasöfn rannsóknarsviða stofnunarinnar í orðfræði, málrækt og nafnfræði, sem áður voru til húsa á Neshaga 16, sameinuð á nýrri starfsstöð á Laugavegi 13. Sameiningin heppnaðist mjög vel og er til hagræðis fyrir notendur. Einnig varð til bjart og falllegt lesrými á Laugavegi 13 til afnota fyrir fræðafólk og safngesti.

Stóraukin eftirspurn er eftir vinnuaðstöðu á lessölum stofnunarinnar, jafnt frá innlendum sem erlendum fræðimönnum, nýdöktorum og doktorsnemum. Um 60 manns nýttu sér aðstöðuna og bókasafnið í Árnagarði og á Laugavegi 13 um lengri eða skemmri tíma en pláss er fyrir u.þ.b. 35 gesti í einu á báðum stöðum ef þröngt er setið.

Rannsóknarbókasafnið nýtur tveggja bókasjóða, þeirra Þorsteins M. Jónssonar og Birgit Baldwin, sem hefur reynt ómetanlegt og gert kleift að kaupa flestallar fræðibækur sem skipta máli fyrir rannsóknir á fræðasviðum stofnunarinnar.

Skráður eintakafjöldi í bókasafni stofnunarinnar um áramót var 44.724 eintök bóka, korta og tónlistarefnis. Ritauki skráður á árinu var 726 titlar en að hluta til var um að ræða skráningu á stórum bókaþingum frá fyrra ári. Keypt voru um 195 eintök bóka en auk þess kaupir safnið fjölda íslenskra og erlendra tímarita á fræðasviði sínu. Safninu bárust um 100

bækur að gjöf frá vinum og velunnurum. Stofnunin á aðild að Gegni og Landsaðgangi að erlendum tímaritum og gagnasöfnum.

Útgáfur á árinu 2015

Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld

Bókin *Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld* eftir dr. Þórunni Sigurðardóttur kom út í október. Þar er fjallað um bókmenntagreinar sem voru vinsælar áður fyrr en hafa ekki verið rannsakaðar að neinu marki hér á landi fram að þessu. Þær kallar höfundur harmljóð og huggunarkvæði og telur það skipta máli fyrir lestur, skilning og túlkun á einstökum kvæðum hverja af þessum kvæðagreinum sem miðað er við. Einnig eru birtir textar í ritinu sem aðeins eru varðveittir í handritum og hafa ekki áður verið prentaðir. Þórunn er sjálfstætt starfandi fræðimaður sem hefur um langt árabil stundað rannsóknir á bókmenntum síðari alda, auk þess að starfa við rafræna handritaskráningu, handrita-rannsóknir og útgáfu texta úr handritum við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sagnalíf – sextán greinar um fornar bókmenntir

Ritið *Sagnalíf – sextán greinar um fornar bókmenntir* kom út í byrjun júní. Í bókinni er úrval greina eftir Jónas Kristjánsson (1924–2014), fyrrverandi forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi. Í þeim er fjallað um sigild viðfangsefni íslenskra fræða: aldur forsagna, leit að höfundum þeirra, mál og stíl, sannfræði og skáldskap. Jon Gunnar Jørgensen, prófessor við Óslóarháskóla, ritar þátt um Jónas fremst í bókinni og henni lýkur á ritaskrá Jónasar sem nær yfir rúma sjö áratugi. Bókin er hin 90. í ritröð Árnastofnunar sem gefur hana út í heiðurskyni við Jónas. Ritnefnd skipuðu: Jóhannes B. Sigtryggsson, Gunnlaugur Ingólfsson auk ritstjórans, Þórðar Inga Guðjónssonar.

Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum

Bókin *Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum* kom út í mars, en um er að ræða þýðingu á þjóðsagnasafninu *Isländische Volkssagen der Gegenwart* eftir dr. Konrad Maurer sem út kom í Þýskalandi árið 1860. Maurer ferðaðist á hestbaki um Ísland sumarið 1858 og gisti á sveitabæjum. Hvar sem hann fór talaði hann við fólk, fræddist um hagi þess og landsins og fékk það til að segja sér sögur. Áður höfðu íslenskar þjóðsögur aðeins komið út í litilli bók sem þeir Magnús Grímsson og Jón Árnason höfðu safnað til. Maurer hafði sannarlega mikil áhrif á þjóðsagnasöfnun því m.a. gerðist hann hvatamaður þess að þeir félagar, Jón Árnason og Magnús Grímsson, héldu áfram söfnun sinni og bauðst til að útvega útgefanda í Þýskalandi. Rósa Þorsteinsdóttir ritstýrir bókinni og skrifar inngang. Bókin er gefin út af Háskólaútgáfunni í samstarfi við stofnunina, en Háskólaútgáfan sér um dreifingu hennar.

Ríkjaheitasrá

Á árinu var gefin út uppnýjuð Ríkjaheitasrá. Til efni hinnar nýju gerðar var m.a. starf vinnuhóps um endurskoðun og samræmingu opinberrar ríkjaheitasráningar. Í þeim vinnuhópi voru fulltrúar Hagstofnunar, Utanríkisráðuneytisins, Ríkisútvarpsins, Íslenskrar málnefndar og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (sem var Ari Páll Kristins-son). Nýja útgáfan birtist á tvennan hátt:

(A) Ríkjaheitasrá í Íðorðabanka Árnastofnunar. Sjá: <http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/search>

(B) Ríkjaheitasrá á ytri vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sjá <http://www.arnastofnun.is/page/rikjaheiti>

Skráin hefur að geyma: 1) íslenskuð heiti sem almennt eru notuð í umfjöllun um viðkomandi land, 2) íslenskuð formleg eða „full“ heiti, 3) enskt heiti hvers lands. Liðir 1)-3) eru afrakstur starfs vinnuhópsins. Við það bætti Ari Páll Kristins-

son meira efni (liðum 4–8) sem hann tók saman til að auka fróðleiks- og leiðbeiningargildi ríkjaheitasrárinnar: 4) tveggja og þriggja stafa ISO-kóðar fyrir hvert ríki, 5) íbúaheiti, 6) lýsingarorð um íbúa hvers ríkis, 7) heiti opinbers tungumáls (opinberra tungumála) hvers ríkis, 8) ISO-kóðar opinberu tungumálanna.

Tímarit


Stofnunin gefur út tvö ritrýnd tímarit sem koma út árlega hvort um sig. *Orð og tunga* birtir fræðilegar greinar, á íslensku og ensku, sem lúta að máli og málfræði en sérstök áhersla er lögð á greinar um orðfræði, orðabókafræði, nafnfræði, iðorðafræði og málræktarfræði. *Gripla* er alþjóðlegur vettvangur fyrir rannsóknir á sviði íslenskra og norræna fræða fyrri alda, einkum handrita- og textafræða, bókmennta og þjóðfræða. Birtar eru útgáfur á stuttum textum, greinar og ritgerðir og stuttar fræðilegar athugasemdir.

Gripla

Tímaritið *Gripla* 26 kom út á árinu í ritstjórn Emily Lethbridge, Jóhönnu Katrínar Friðriksdóttur og Viðars Pálssonar. Í heftinu eru sjö fræðigreinar auk samtínings. Þar er grein um Landnámu, önnur um þrjár línur í Völuspá og í þeirri þriðju eru tvær athuganir um kvæðið Kötluðraum. Tvær greinar snúast um heilagra manna sögur. Í annarri þeirra er birtur latneskur texti um heilagan Basil sem varðveittur er á broti úr íslensku skinnhandriti. Í hinni eru gefnar út áður óbirtar postulasögur frá hendi Björns Þorleifssonar yngra. Þá er í heftinu útgáfa á Hrólfs rímum Gautrekssonar með inngangi og ítarlegum skýringum og loks birtast hér í fyrsta sinn skýringar Björns Jónssonar á Skarðsá á gátum í Hervarar sögu og Heiðreks konungs, ásamt enskri þýðingu.

Orð og tunga

Tímaritið *Orð og tunga* 17 kom út 13. apríl í ritstjórn Ara Páls Kristinssonar. Í þessu hefti var ekki lagt upp með tiltekið þema. Þó má að vissu marki greina ákveðinn þráð í viðfangsefnum greinanna þar sem greinar eftir Veturlíða G. Óskars-son, Erlu Erlendsdóttur, M^a Azucena Penas Ibáñez, Katrínar Axeldóttur og Marion Lerner snerta sérstaklega samband íslensks máls og samfélags við önnur evrópsk tungumál og menningu. Jón Friðrik Daðason og Kristín Bjarnadóttir lýsa í grein sinni orðhlutaskiptingartólinu *Kvisti* sem sýnir stofn- hlutatré fyrir samsett orð. Sigurður R. Helgason tekst á við að skýra merkingu óvenjulegra nafngifta og teygir sig í áttina að goðafræði. Greinarnar, sem birtast í heftinu, eru sjö í heildina en jafnframt má þar finna ritdóm Baldurs Sigurðssonar um 3. útgáfu *Íslenskrar samheitaorðabókar*.



Bækur og tímarit sem komu út hjá stofnuninni árið 2015.

Á árinu voru einnig gerðar ráðstafanir til að *Málfregni* (tímarit Íslenskrar málnefndar 1987–2005) færu inn á timarit.is. Því verki mun væntanlega ljúka 2016.

Rannsóknarverkefni

Sturlunga saga

Guðrún Ása Grímsdóttir vinnur að könnun handrita verksins og nýrri útgáfu. Uppskrifaðar voru um það bil 850 tölvuprentaðar blaðsíður með texta Sturlunga sögu eftir *Króksfjarðarbók* ásamt lesbrigðum og ifyllingum úr textum pappírshandrita. Uppskriftin var jafnóðum samlesin við forrit. Jafnframt voru samdar skýringar við texta eftir föngum. Haldið var áfram yfirlitskönnun á handritum Sturlunga sögu og sjónum einkum beint að 30 varðveittum blöðum *Reykjarfjarðarbókar*. Lögð voru drög að sögu og lýsingu blaðanna og hafin er stafrétt uppskrift á texta þeirra.

Hið glataða Njáluhandrit Gullskinna

Markmið verkefnisins er að rannsaka varðveislusögu Njáluhandrita á síðari öldum, einkum þeirra sem rekja má til hinnar glötuðu skinnbókar Gullskinnu. Meginþættir þess eru að búa til ættartré Gullskinnuhandritanna og að greina orðhluta- og setningafræðilegar breytur hjá ólíkum skrifurum. Þessi vinna byggist á uppskriftum handritanna samkvæmt TEI-XML-staðlinum. Verkefnið, sem nýtur styrks frá Rannsóknasjóði (RANNÍS), hófst í ágúst 2015 og er unnið í samvinnu við Háskólann í Leeds. Verkefnisstjóri er Ludger Zeevaert en aðrir þátttakendur eru Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Alaric Hall.

Yngstu skinnhandrit Snorra-Eddu

Konungsbók Snorra-Eddu (GKS 2367 4to) og Wormsbók (AM 242 fol) eru tvö af mikilvægustu handritum Eddu. Eins og í flestum öðrum íslenskum miðaldahandritum eru sumar síðurnar skaddaðar þannig að texti skerðist. Á þeim stöðum geta eftirrit komið að gagni ef þau voru gerð áður en skemmdirnar áttu sér stað. Í þessu verkefni eru tvö gömul eftirrit skoðuð ítarlega og athugað hvernig þau geta gagnast við eyðufyllingar: Annars vegar er um að ræða AM 756 4to, eftirrit af Wormsbók frá 15. öld, og hins vegar Sth. perg. 3 4to, íbúðarmikið skinnhandrit sem að mestu er ritað eftir Konungsbók og

talíð er frá 1641. Haukur Þorgeirsson stýrir verkefninu og hefur notið aðstoðar Teresu D. Njarðvík og Alecs Shaw.

Sjálfsmynd, hugmyndafræði og bókmenning á Íslandi á síðmiðöldum

Jóhanna Katrín Friðriksdóttir hlaut í apríl 2013 þriggja ára styrk til að vinna rannsóknarverkefnið. Styrkurinn er kenndur við Marie Curie og er hluti af 7. rannsóknaráætlun ESB. Verkefnið er unnið hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í samstarfi við Harvardsháskóla. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu á bókmenntum og bókmenningu síðmiðalda. Textar ritaðir á bókfell á þessu tímabili verða teknir til skoðunar óháð bókmenntagreinum og fjallað jöfnum höndum um Íslendinga-, fornaldar- og riddarasögur og minna þekkt verk eins og rímur, biskupasögur og annála. Þessi rit endurspeglar öll á einhvern hátt hugrenningar höfundar, ritstjóra og/eða ritbeiðenda og fela í sér orðræðu og hugmyndafræðileg skoðanaskipti sem felld eru í bókmenntalegan buning. Handritin verða órjúfanlegur hluti af rannsókninni en þau geta m.a. gefið vísbendingar um ritunartíma og -stað textanna. Það hjálpar til við að setja þá í sögulegt og þjóðfélagslegt samhengi.

Bænaabók

Endanlegur frágangur texta útgáfu bæna fram um 1600 hefur reynst tímafrekari en ætlað var. Á árinu fór fram samlestur allra bænatextanna við handrit eða ljósmyndir af handritum, og vann Eiríkur Þormóðsson, fyrrverandi handritavörður á Landsbókasafni Íslands, að samlestrinum með verkefnisstjóra. Þá hefur Ólafur Haukur Árnason, BA í latínu og miðaldafræðum, tekið að sér að fara yfir nokkra latinutexta og þýða þá á íslensku. Verkefnisstjóri er Svavar Sigmundsson.

Landnámaabók og kortasaga Íslands

Verkefnið er unnið af Emily Lethbridge og nýtur styrks úr Rannsóknasjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Það snýst m.a. um að þróa kenningu um Landnámaabók sem fyrsta landakort Íslands, ásamt því að setja verkið í samhengi hinnar evrópsku bókmenntategundar *chorography* og að skoða handritið AM 213 8vo, *Chorographica Islandica* eftir Árna Magnússon. Þar að auki verður Landnámaabók hnitsett og henni bætt við í kortagrunninn Icelandic Saga Map.

Insight & Imagination: Saga Pilgrimages Mapped & Measured

Hér er um að ræða framhald verkefnisins Icelandic Saga Map (<http://sagamap.hi.is>) en fyrir það hreppti Emily Lethbridge fyrstu verðlaun í samkeppni um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands í nóvember. Um er að ræða gagnvirk kort þar sem örnefni í Íslendingasögum eru tengd landakorti. Icelandic Saga Map er þáttur í stærra verkefni, *Tími, rými og frásögn í Íslendingasögum* (verkefnisstjóri: Torfi H. Tulinius), sem er styrkt af Rannsóknasjóði (RANNÍS). Í þessum nýja áfanga mun athyglin beinast að ferðum 19. aldar manna á söguslóðir sagnanna og þeim lýsingum sem finna má í dagbókum ferðalangna. Markmið verkefnisins er að kortleggja slíkar ferðabækur og fá þannig betri innsýn í hvert menn fóru og hvenær og hvernig vinsældir ákveðinna staða þróuðust.

Retracing the Reformation. The dissemination of the Bible in Medieval Scandinavian Culture

Samnorrænt rannsóknarverkefni sem styrkt er af NOS-HS til fjögurra ára (2013–2016). Markmið þess er að rannsaka og bera saman þær biblíuþýðingar sem urðu til á Norðurlöndum á miðöldum og kanna hvaða áhrif þær höfðu á fyrstu heildarþýðingar biblíunnar á norræn mál sem prentaðar voru í kjölfar siðbreytingarinnar á 16. öld. Tengsl prentuðu biblíanna við þá biblíutexta sem þýddir voru á móðurmál á öldunum fyrir siðbreytingu hafa ekki verið rannsökuð nægilega og verkefninu er ætlað að bæta þar úr. Jafnframt verður leitast við að bera saman biblíutexta milli málanna til þess að greina að hvaða leyti þróunin er sambærileg í ólíkum löndum. Verkefnisstjóri er Karl G. Johansson við Óslóarháskóla en þátttakendur af hálfu Árnastofnunar eru Svanhildur Óskarsdóttir og Helgi K. Grímsson.

Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals

Markmið verkefnisins er einkum að skoða samspil málþróunar og málsamfélags og hvernig tilurð opinbers málstaðals mótast af innri og ytri aðstæðum, m.a. þeim viðhorfum sem uppi eru í samfélaginu. Áhersla er lögð á að skoða máltilbrigði og dreifingu þeirra með tilliti til málfræðilegra og málfélagslegra þátta í ljósi vaxandi málstöðlunar á tímabilinu (sjá vefsíðu verkefnisins: www.arnastofnun.is/page/LCLV19). Rannsóknirnar styðjast við tvö megingagnasöfn með textum frá 19. öld, annars vegar einkabréf og hins vegar blaða- og tímaritatexta.

Rannsóknarhópurinn, sem stendur að verkefninu, er skipaður málfræðingum við stofnunina, Háskóla Íslands, Uppsalaháskóla og Vrije Universiteit Brussel. Vinna við

verkefnið hélt áfram á árinu enda þótt styrktímabil Rannsóknasjóðs (RANNÍS) hafi einungis náð til ársloka 2014. Meðlimir rannsóknarhópsins fjölluðu um einstaka þætti rannsókna og niðurstöður þeirra í fyrirlestur og greinum og tóku þátt í ráðstefnum innan lands og utan. Aðstoðarmenn unnu að einstökum verkþáttum á árinu í samvinnu við rannsóknarhópinn, Kristján Friðbjörn Sigurðsson að greiningu og úrvinnslu niðurstaðna og Jón Friðrik Daðason að frágangi og tölvuvinnslu gagna. Verkefnisstjóri er Ásta Svavarsdóttir en auk hennar eru Jóhannes Bjarni Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson fulltrúar stofnunarinnar í rannsóknarhópnum.

Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd

Aðalmarkmið verkefnisins er að rannsaka vesturíslensku og þróun hennar og bera hana saman við þróun íslensku á Íslandi frá 19. öld til dagsins í dag. Í rannsókninni er lítið á vesturíslensku sem upprunamál eða erfðarmál (e. *heritage language*), en sú nafngift hefur verið notuð um tungumál sem eru töluð heima við en eru minnihlutamáli í viðkomandi málsamfélagi. Í þessu sambandi er m.a. skoðað hvaða hlutverki tungumálið hefur gegnt í því að þróa og viðhalda menningarlegri sjálfsmynd Vestur-Íslendinga. Að verkefninu stendur hópur fræðimanna við stofnunina, Háskóla Íslands og fleiri rannsóknarstofnanir. Ásta Svavarsdóttir og Úlfar Bragason sitja í stýrihópi verkefnisins og auk þeirra hafa Gísli Sigurðsson, Rósa Þorsteinsdóttir og Haraldur Bernharðsson átt aðild að því fyrir hönd stofnunarinnar. Verkefnið hefur notið styrks úr Rannsóknasjóði (RANNÍS) 2013–2015.

Mörkuð íslensk málheild

Mörkuð íslensk málheild (MÍM) hefur að geyma um 25 milljónir orða úr fjölbreyttum textum þar sem orðin eru greind málfræðilega og hverjum texta fylgja bókfræðilegar upplýsingar um verkið sem textinn er úr. Málheildin er ætluð fyrir málrannsóknir og til notkunar í máltækniverkefnum. Málheildin er aðgengileg til leitar (<http://mim.arnastofnun.is>) og einnig má sækja texta hennar í sérstöku xml-sniði af vefsetrinu <http://malfong.is>. Á málheildarsíðunni má einnig leita í textum *Íslenskrar orðtíðniþókar* og safni texta úr fornritum. Á árinu 2015 takmarkaðist vinna við frágang gagna. Umsjónarmaður verkefnisins er Sigrún Helgadóttir.

Gullstaðall – staðalmálheild fyrir þjálfun markara

Tekið var úrtak úr *Markaðri íslenskri málheild* með um einni milljón orða og hefur verið unnið við það á undanföllum árum að leiðrétta mörkun handvirk og með hálfjálfrvirkum aðferðum. Á árinu 2015 var áfram unnið við villuleit og

búist er við að verkinu ljúki á árinu 2016. Málheildin verður m.a. notuð til þess að þróa markara fyrir íslensku. Steinunn Valbjörnsdóttir og Jón Friðrik Daðason unnu að verkefninu á árinu. Umsjónarmenn voru Eiríkur Rögnvaldsson og Sigrún Helgadóttir.

Málrómur

Háskólinn í Reykjavík og Máltæknisetur stóðu fyrir söfnun íslenskra raddsóma í samstarfi við Google á árunum 2011 til 2012. Tæknimenn hjá Google unnu upp úr þessum raddsómunum og fleiri gögnum um íslensku talgreini fyrir íslensku sem var tilbúinn haustið 2012 og gerður aðgengilegur til notkunar í Android-snjallsímum og á leitarsíðu Google. Raddsómin verða opin til notkunar við að þróa ýmsan máltækniþúnað fyrir íslensku. Þegar hefur verið farið yfir um 57 þúsund skrár (setningar) af 120 þúsund sem eru í gagnasafninu. Þessar skrár eru aðgengilegar á vefsetrinu malfong.is undir heitinu Málrómur. Hljóðskrárnar hafa nýst í máltækni-verkefnum sem hafa verið unnin á vegum Jóns Guðnasonar í Háskólanum í Reykjavík.

Efni úr tímaritum og blöðum frá 19. öld og fyrri hluta

20. aldar

Á undanföllum árum hefur verið unnið við texta úr tímaritum og blöðum frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar sem fengnir voru af vefnum timarit.is. Skönnun á hluta textanna hefur verið leiðrétt handvirkt með aðstoð stafsetningarforritsins *Skramba*. Stór hluti textanna var leiðréttur sjálfvirkt með *Skramba*. Sama forrit var notað til þess að varpa textunum yfir í nútímastafsetningu og var það gert með sjálfvirkum hætti. Samtals er þetta efni um 5 milljónir orða. Unnið hefur verið að því að greina textana og koma þeim fyrir í leitarkefri sambærilegu leitarkefri Markaðrar íslenskrar málheildar (<http://mim.arnastofnun.is>).

Íslenskt orðanet

Íslenskt orðanet er orðabókarleg lýsing á íslenskum orðaforða þar sem margvísleg vensl orða og orðasambanda eru í brenni-depli. Efniviðurinn er að stofni til sóttur til Stóru orðabókarinnar um íslenska málnotkun og til gagnasafna sem á sínum tíma urðu til á Orðabók Háskólans. Á síðari stigum hefur efnið verið aukið verulega með því að afla fanga í tölvutækum textasöfnum og greina orðanotkun þar. Á árinu 2015 var áfram unnið að efnisöflun úr textasöfnum (einkum tímarit.is og Markaðri íslenskrar málheild) sem að mestu beindist að hliðskípuðum samböndum, en greining þeirra gegnir mikilvægu hlutverki við mat á merkingarlegum skyldleika meðal

orða og orðasambanda. Fram undan er að fullmóta vefsíðu orðanetsins með aðgangi að rösklega 150.000 einyrtum og fleiryrtum flettum með margvíslegum leitarmöguleikum þar sem merkingarflokkunin birtist í samhengi við málfræðileg einkenni flettnanna. Meðal nýmæla í greiningu orðaforðans má nefna tölulegt mat á merkingarskyldleika orða og orðasambanda á grundvelli gagnanna og málfræðilega mörkun fleiryrttra flettna (orðasambanda). Umsjón með orðanetinu hefur Jón Hilmar Jónsson.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN) er gagnasafn um beygingarmyndir íslenskra orða sem upprunalega var unnið til máltækni-greiningar á íslenskum textum. Í safninu eru nú u.þ.b. 280 þúsund beygingardæmi, u.þ.b. 5,8 milljónir beygingarmynda. Jafnframt eru beygingardæmin birt á vefsíðunni bin.arnastofnun.is. Heimsóknir á síðuna á árinu 2015 voru 663.207 og flettingar 1.360.868.

ISLEX-orðabókin

ISLEX er veforðabók milli íslensku og annarra norrænna mála sem unnin hefur verið í samvinnu stofnunarinnar og háskóla- og rannsóknarstofnana annars staðar á Norðurlöndum. Orðabók milli íslensku og dönsku, norsku og sænsku hefur verið aðgengileg frá árinu 2011. Færeyska bættist við á árinu og nú eru þýðingar á finnsku vel á veg komnar.

Færeyski hluti ISLEX var opnaður við hátíðlega athöfn í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn 25. mars, á móðurmálsdegi Færeyinga. Björn Kalsø menntamálaráðherra opnaði orðabókina og verkefnisstjórar ISLEX í Færeyjum, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris S. Hansen, lýstu verkefninu. Halldóra Jónsdóttir greindi frá tilurð og sögu orðabókarsamstarfsins að baki ISLEX. Stöðugt var unnið að uppfærslum, viðbótum og lagfæringum á orðabókinni á árinu. Halldóra Jónsdóttir er verkefnisstjóri ISLEX en Þórdís Úlfarsdóttir er aðalritstjóri og kerfisstjóri.

Íslensk orðabók

KATA er vinnuheiti á nýrri íslenskrar einsmálsorðabók sem byggist á efniviðnum í ISLEX. Vinnan við verkið er vel á veg komin og er ráðgert að eiga samstarf við Forlagið hf. um útgáfu orðabókarinnar. Ritstjórar hennar eru Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir.

Íslensk-frönsk orðabók

Vinna við nýja íslensk-franska orðabók hófst í september, í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum

tungumálum. Til verksins hafa fengist styrkir frá opinberum sjóðum í Frakklandi. Orðabókin byggist á efniviðnum í ISLEX og ber heitið LEXÍA. Starfsmenn verkefnisins eru Rósa Elin Davíðsdóttir, doktorsnemi við HÍ og Sorbonne háskóla, Jean-Christophe Salaün bókmenntaþýðandi og Francois Heenen, aðjúnkt við Háskóla Íslands. Halldóra Jónsdóttir er verkefnisstjóri og Þórdís Úlfarsdóttir er aðalritstjóri og kerfisstjóri.

ISLEX-venslamálfraeði

ISLEX-venslamálfraeði er lýsing á rökliðum sagna og setningarvenslum í föstum orðasamböndum. Orðaforðinn er miðaður við ISLEX þar sem eru u.þ.b. 4.000 sagnir og 9.800 orðasambönd. Tilgangurinn er að nota lýsinguna til þess að tengja texta við orðabækur en jafnframt munu gögnin nýtast í ýmiss konar máltækniverkefni. Styrkur fékkst til verkefnisins frá Vinnumálastofnun. Starfsmenn við verkefnið eru Kristján Rúnarsson og Kristín Bjarnadóttir (verkefnisstjóri).

Málbreytingar

Jóhannes B. Sigtryggsson vann að rannsóknarverkefninu Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals, undir stjórn Ástu Svavarsdóttur.

Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi

Verkefnið lýtur stjórn forstöðumanns Árnastofnunar. Markmiðið er að skrá handrit í opinberum söfnum og einkaeigu í Kanada og Bandaríkjunum í gagnagrunn á vefsíðunni handrit.is, en Katelin Parsons doktorsnemi mun vinna að verkefninu á vegum stofnunarinnar. Hún hefur unnið að rannsóknum á handritaeign vesturfara í fleiri ár og athuganir hennar benda sterklega til þess að þúsundir handrita hafi verið fluttar vestur um haf á árunum 1870–1914 og að þau séu enn á við og dreif meðal annarra óskráðra menningarverðmæta.

Time, Space, Narrative and the Íslendingasögur

Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði (RANNÍS). Gisli Sigurðsson stýrir því ásamt Torfa Tulinius.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri: Composition, Context, and Collection 1864–2014

Rósa Þorsteinsdóttir stýrir með Terry Gunnell verkefninu sem styrkt er af Rannsóknasjóði (RANNÍS). Rósa ritstýrði einnig þýðingu Steinars Matthíassonar á þjóðsagnasafni Konrad Maurers sem kom út á þýsku 1860 og var nú þýtt í fyrsta sinn og gefið út í samstarfi stofnunarinnar og Háskólaútgáfunnar.



Halldóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri ISLEX, ásamt Birni Kalsá, menntamálaráðherra Færeyja, og fleirum þegar færeyski hluti ISLEX-ordabókarinnar var opnaður á móðurmálsdegi Færeyinga 25. mars 2015.

Nöfn á húsum og götum í Reykjavík

Unnið er á nafnfræðisviði að rannsókn á elstu nöfnum húsa og gatna í Reykjavík frá upphafi þéttbýlis og fram yfir aldamótin 1900. Efni er m.a. safnað af gömlum kortum, sóknamanna-tölum, skjalasöfnum borgarinnar og úr prentuðum ritum. Hallgrímur J. Ámundason sér um verkið.

Bragi – óðfræðivefur

Á Braga er lögð áhersla á skráningu alls íslensks kveðskapar fyrir 1800 og valinna ljóða og visna eftir það. Á síðustu tveim árum hefur Bragi vaxið mjög að umfangi og hugbúnaður verið stórbættur og ber þar helst að nefna að fullskráðum ljóðum á Braga hefur á þessum árum fjölgað um nær því helming, voru 1.089 í janúar 2014 en eru nú 2.088.

Tilgangur óðfræðivefarins er margþættur: að skrásetja áreiðanlegar útgáfur kveðskapar, ljóða, lausavísna og hátta-tala, ásamt aldri kveðskapar (eftir því sem næst verður komist), upplýsingum um höfunda og bragarhætti og tilurð skáldskaparins þar sem við á, ásamt því að gera grein fyrir heimildum og gera þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi með sem skýrustum hætti og leitarmögu-leikum á veraldarvefnum. Í öðru lagi hefur verið leitast við að þróa rannsóknar- og greiningartæki sem nýttist einkum við rannsóknir. Í þriðja lagi hafa verið lögð drög að skrá yfir hugtök og heiti í bragfræði. Á vef Braga hefur jafnframt verið unnið að myndrænni framsetningu á einkennum bragforma hvað varðar bragliðagerð, rím og stuðlasetningu.

Þá hefur Bjarki Karlsson búið til hugbúnað sem „skanderar“ ljóð og lausavísur miðað við hvaða háttur (kennistrengur) hefur verið settur fram til að lýsa viðkomandi brag. Frekari upplýsingar má finna á Bragþingi í haus Braga á vefslóðinni bragi.info. Ritstjóri, kerfisstjóri og ábyrgðarmaður Braga – óðfræðivefs er Bjarki Karlsson og meðritstjóri Kristján Eiríksson.



Mjólkurfernerur miðla fróðleik um örnefni.

MIÐLUN OG KENNSLA

Ráðgjöf og leiðbeiningar

Málræktarsvið svarar geysimörgum fyrirspurnum um málfar árlega í síma og tölvupósti. Skriflegu spurningarnar berast helst gegnum netföng einstakra starfsmanna (agustath@hi.is, aripk@hi.is, johans@hi.is), netfangið malfarsradgjof@hi.is, netfangið arnastofnun@hi.is og veffangið arnastofnun.is. Ýmist er hringt í símanúmer malfarsráðgjafar (525-4430), til starfsmanna beint eða á skiptiborð Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (525-4010) sem beinir fyrirspyrjanda til starfsmanna sviðsins.

Málræktarsvið heldur úti Málfarsbankanum á vef stofnunarinnar ásamt fleiri vefsíðum með leiðbeiningum og ráðleggingum, m.a. um stafsetningu, stafróf og stafrófsröð, beygingu, ritreglur, umritunarreglur, ríkjaheiti og margt annað. Opinn og ókeypis aðgangur er að *Stafsetningarorðabókinni* af vefsíðu stofnunarinnar, auk þess sem hana er að finna á vefsíðunni snara.is

Ari Páll Kristinsson, Halldóra Jónsdóttir og Steinþór Steingrímsson sátu í starfshópi um undirbúning vefgáttarinnar málið.is sem væntanlega kemst í gagnið síðla árs 2016. Á vefgáttinni verður einn aðgangur og samræmt útlit til að auðvelda fólki að leita svara um íslenska tungu; ritun,

beygingar, orðaforða, merkingu og uppruna orða, föst orðasambönd, mismunandi orðalag og margt fleira.

Safnkennsla

Starf safnkennara á árinu markaðist eins og áður af því að stofnunin getur ekki starfrækt eigin sýningu með viðeigandi safnkennslu. Eftir að handrit voru tekin til sýningar í húsnæði Landnámssýningarinnar í Aðalstræti og í Safnahúsinu við Hverfisgötu gafst þó á ný möguleiki á að sinna heimsóknnum skólafólks. Unnið var að því að útbúa aðstöðu til safnkennslu í Aðalstræti en ekki var unnt að ljúka því á árinu.

Dagana 5.–8. maí var farkennsluverkefninu *Heimsókn í grunnskóla á landsbyggðinni* fram haldið og fimm grunnskólar á Snæfellsnesi og á Reykhólum heimsóttir. Verkefnið hófst árið 2014 en markmið þessara heimsókna er að fræða nemendur um handritaarfinn og söfnunarstarf Árna Magnússonar sem fékk handrit hvaðanæva að af landinu.

Að lokum má geta þess að nemendur úr Menntaskólanum í Kópavogi heimsóttu stofnunina vegna skólaverkefnis um handritin og Árna Magnússon, tóku viðtal við stofustjóra handritasviðs og safnkennara og unnu úr þeim áhugaverð verkefni fyrir stafræna miðla.

Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Dagana 6.–31. júlí gengust Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í íslensku máli og menningu. Alls var kennt í 80 stundir á námskeiðinu, 70 stundir íslenskt mál og 10 stundir saga og samfélag, bókmenntir og listir. Þátttakendur voru 35 frá 14 löndum og komust mun færri að en vildu.

Sumarskóli í handritafræðum

Dagana 30. júlí–6. ágúst var 12. alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum haldinn í Reykjavík. Að skólanum standa Árnastofnanirnar tvær, í Reykjavík og Kaupmannahöfn, og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í samvinnu við Háskóla Íslands. Skólann sækja meistara- og doktorsnemar frá ýmsum löndum. Leiðbeinendur á skólanum af hálfu stofnunarinnar voru að þessu sinni Guðrún Nordal, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haukur Þorgeirsson, Emily Lethbridge, Margrét Eggertsdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Viðar Pálsson, en Guðrún Þórhallsdóttir, Haraldur Bernharðsson og Þorgeir Sigurðsson doktorsnemi af hálfu HÍ. Margrét Eggertsdóttir var skólastjóri en Guðvarður Már Gunnlaugsson var hópstjóri nemenda á 3. stigi skólans.

Icelandic Online

Síðan 2005 hefur verið skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku við Háskóla Íslands að hafa lokið námskeiðinu Icelandic Online 1 með góðum árangri. Námskeiðin Icelandic Online 1 og 2 eru nú einnig gerð að skilyrði fyrir þátttöku í BA-námi í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Nú eru um 150.000 skráðir notendur Icelandic Online víða í heiminum, þar af eru 60.000 virkir. Slóðin er: www.icelandiconline.is

Nordkurs

Stofnunin annaðist norrænt sumarnámskeið í íslensku í Háskóla Íslands dagana 8. júní–3. júlí. Þátttakendur voru 32. Íslenskutímar voru 60 en auk þess sátu nemendur tíu fyrirlestra um menningu og sögu, heimsóttu söfn og fóru í ferðir á sögu-slóðir.

Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norðuramerísk ungmenni af íslenskum ættum sem dvöldust hér á landi sumarið 2015 á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 15.–25. júní.

Risamálheild

Í samstarfi við Eirik Rögnvaldsson og fleiri fræðimenn í mál-tækni var sótt um styrk til Innviðasjóðs um að búa til gríðarstóran stafrænan textagrúnn sem hefur verið gefið heitið Risamálheild. Sjóðurinn veitti í maí 2015 styrk að upphæð 4.950 þúsund krónur. Verkið verður að mestu unnið á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Undirbúningur að textasöfnun fyrir málheildina var hafinn á árinu 2015.

TERMDIST


Ágústa Þorbergsdóttir sá um hluta af samnorrænu fjarnámi, Íðorðastjórnun (TERMDIST), og hélt fyrirlestur í námskeiðinu Ritfærni í Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands.

Kennsla

Ásta Svavarsdóttir var gestafyrirlesari í tveimur námskeiðum í Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands: Mál og kyn á vormisseri og Vesturíslenskt mál og menning á haustmisseri. Hún sat jafnframt í doktorsnefnd Rósu Elínar Davíðsdóttur sem skilaði ritgerð sinni á sviði orðabókafræði til sameiginlegrar doktorsgráðu við Háskóla Íslands og Sorbonne-háskóla haustið 2015 (varin 9. apríl 2016 í París). Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir voru gestakennarar á námskeiði á meistarastigi hjá Erlu Erlendsdóttur, dósent í spænsku við Háskóla Íslands, Multie. Ari Páll Kristinsson sat í tveimur doktorsnefndum í HÍ og var prófdómari í munnlegum prófum í íslensku sem öðru máli í HÍ. Guðrún Nordal kenndi námskeiðið Íslendingasögur og dróttkvæði á meistarastigi í Íslensku- og menningardeild. Guðvarður Már Gunnlaugsson kenndi á vormisseri 2015 námskeiðið Handritavinna (Working with manuscripts) á Hugvísindasviði Háskóla Íslands ásamt Emily Lethbridge. Guðvarður kenndi jafnframt í október 2015 námskeiðið Norðurlenskt mál – íslenskt við Føroyamálsdeild við Fróðskaparsetur Føroya.

Í mars heimsóttu íslenskunemar úr Háskóla Íslands stofnunina. Kristín Bjarnadóttir tók á móti þeim á orðfræðisviði og kynnti þeim gögn sviðsins og máltækni. Í sama mánuði heimsótti Kristín Menntaskólann í Hamrahlið og kynnti þar orðabækur og máltækni.

Eins og á hverju hausti var tekið á móti þjóðfræðinimum á fyrsta ári og þeim kynnt þjóðfræðisafnið. Nemendur í hagnýtri menningarmiðlun, íslenskunemar, guðfræðinemar og tónlistarnemendur við Listaháskóla Íslands komu einnig í slíkar kynningarheimsóknir. Þá sagði Rósa Þorsteinsdóttir nemendum í sumarskólanum í handritafræðum frá þjóðfræði og þjóðfræðisafninu.



Johan Peter Gumbert flytur fyrirlestur á fæðingardegri Árna Magnússonar 13. nóvember 2015.

Vefsetur með málföngum fyrir íslensku

Á vefsetrinu málföng.is eru aðgengileg ýmis málföng (gagna-söfn og töl) til nota í máltækniverkefnum. Gögnin má sækja en venjulega þarf að samþykkja tiltekið leyfi sem er skilgreint fyrir hvert gagnasafn. Vefsetrinu er stöðugt haldið við með því að bæta við gögnum og endurbæta efni og skýringar eftir því sem tilefni gefst til.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Einar Lövdahl Gunnlaugsson vann að iðorðaverkefninu Íðorðasafn og myndun nýrra iðorða í lífvísindum. Verkefnið fólst í meginráttum í söfnun iðorða sem lúta að erfðafræði, frumulíffræði, þroskunarfræði og þróunarfræði og skipulagðri skrásetningu þeirra. Söfnun orða var unnin í samvinnu við helstu sérfræðinga á umræddum fræðasviðum og afrakstur þess var iðorðasafn með 600 nýjum flettum sem hefur verið bætt við *Liforðasafn* (1997) og gert aðgengilegt á vefnum (ordabanki.hi.is). Verkefni Einars var tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Ýmis fræðsla og kynning

Ari Páll Kristinsson var í viðtali við Patrick Cox á útvarpsstöðinni BBC World, Boston og PRI (Public Radio International) í þáttaröðinni The World in Words undir yfirskriftinni „Will Icelanders one day ditch their language for English?“ Útvarpað 3. júní og aðgengilegt á hláðvarpi. Ari Páll hélt fræðsluerindi um málnotkun á lögmannsstofunni ADVEL 17. nóvember. Ari Páll kynnti íslenskt mál og málstefnu fyrir kennurum úr Greáker videregående skole (Noregi), nemendum úr Måløy videregående skole (Noregi) og nemendum og kennurum úr Université du Québec à Montreal. Ari Páll kynnti starfsemi

málræktarsviðs og íslenska málrækt fyrir nemendum í íslensku við Háskóla Íslands 8. september. Jóhannes B. Sigtryggsson var í viðtali við Ann Jones í þættinum Sprákteigen NRK P2 8. og 15. nóvember.

Sigurðar Nordals fyrirlestur

Á fæðingardegri dr. Sigurðar Nordals 14. september flutti dr. Bo Ralph, prófessor emeritus í málvísindum við Gautaborgarháskóla og félagi í Sænsku akademiunni, opinberan fyrirlestur í Norræna húsinu. Fyrirlesturinn var á sænsku og nefndist: „*et land, ... i så många afseenden märkvärdigt*“ —*Íslandsbilden i Sverige under fyrahundra år*. Um 90 manns sóttu fyrirlesturinn.

Árna Magnússonar fyrirlestur 2015

Fyrirlestur til heiðurs Árna Magnússyni á afmælisdegi hans var fluttur í þriðja sinn 13. nóvember. Johan Peter Gumbert, prófessor emeritus við Háskólann í Leiden, flutti erindi sem hann nefndi: „In praise of some Grand Old Men“. Þar rifjaði hann upp kenningar merkra handritafræðinga sem margir eru nú gleymdir en mótuðu handritafræðina sem fræðigreinin höfðu áhrif á síðari tíma fræðimenn, ekki síst hann sjálfan.

Málstofa

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gengst fyrir málstofu um íslensk fræði. Fyrirlesarar á vormisseri 2015 voru: Ari Páll Kristinsson, Heimir Freyr van der Feest Viðarsson, Margrét Valmundsdóttir, Rósa Magnúsdóttir og Jón Hilmar Jónsson. Á haustmisseri fluttu eftirtalin erindi: Oleksandr Mykhed, Signe Hjerrild Smedemark, Rasa Baranauskiené og Alison Finlay.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

European Network of e-Lexicography (EnEL)

Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir eru fulltrúar Íslands í COST-verkefninu IS1305 (European Network of e-Lexicography). Aðilar að áætluninni eru 30 lönd í Evrópu og er markmið hennar að koma á fót samevrópskri orðabókagátt með aðgangi að vönduðum rafrænum orðabókum. Um er að ræða fjögurra ára verkefni sem hófst árið 2013.

Norrænt félag um orðabókagerð – NFL

NFL er helsti samstarfsvettvangur orðabókafræðinga á Norðurlöndum. Félagið stendur fyrir ráðstefnu annað hvert ár, síðast í Kaupmannahöfn í maí 2015. Jafnframt gefur félagið út tímaritið LexicoNordica og heldur í tengslum við það árlegt málþing um tiltekið efni. Málþingið 2015 var haldið á Schæfergården norður af Kaupmannahöfn og þar var fjallað um málþingið í norrænum orðabókargögnum. Greinar byggðar á fyrirlestrunum birtust í þemahluta 22. heftis LexicoNordica sem kom út síðar á árinu. Í heftinu birtist ritdómur Jóns Hilmarssonar um nýja danska hugtakaorðabók og Halldóra Jónsdóttir greinir þar frá ráðstefnunni í Kaupmannahöfn. Þórdís Úlfarsdóttir er varaformaður stjórnar félagsins og Ásta Svavarsdóttir situr í ritstjórn tímaritsins LexicoNordica.

Sigrún Helgadóttir er í stjórn Northern European Association for Language Technology.

Íðorðamál

Stofnunin á aðild að Nordterm, samtökum norrænna iðorðastofnana, og tekur þátt í norrænu fjarkennsluverkefni í iðorðafraði (TERMDIST). Ágústa Þorbergsdóttir annast þessi verkefni af hálfu málræktarsviðs. Ágústa var stjórnarformaður Nordterm 2013–2015. Undirbúningur og framkvæmd norrænu iðorðadaganna í Reykjavík 9.–12. júní var meðal helstu verkefna ársins á sviði iðorðastarfs á stofnuninni. Nordterm-þingin eru tíunda hvert ár á Íslandi. Yfirskrift iðorðadaganna Nordterm 2015 var Forvaltning af fagsprog í samfundet. Hvem har ansvaret? Hvem tager ansvaret? Haldin var stór ráðstefna í Háskólabíói en einnig námskeið, stjórnarfundir, vinnunefndarfundir, skemmtiferð o.fl. Nordplus veitti 18.150 evra styrk og einnig fengust 5.000 sænskar krónur frá Letterstedtska föreningen og 27.000 sænskar krónur frá Clara Lachmanns stiftelse. Þátttakendur í Nordterm 2015 voru um 80 talsins og haldin voru 29 erindi. Norrænu iðorðadagarnir í Reykjavík þóttu takast einstaklega vel.

Stofnunin á enn fremur aðild að alþjóðlegu iðorðasamtökunum Infoterm og hinum evrópsku, EAFT. Fulltrúi stofnunarinnar er Ágústa Þorbergsdóttir.

Ágústa Þorbergsdóttir vinnur að samnorræna verkefninu Termbase til stötte for nordisk mobilitet sem málnefndirnar á Norðurlöndum standa fyrir og miðar að því að taka saman gagnagrunn þar sem hægt verður að fletta upp erfiðum sérfræðiorðum á dönsku, íslensku, finnsku, norsku eða sænsku og fá skilgreiningu á eigin tungumáli. Gagnagrunnurinn verður aðgengilegur á Netinu. Markhópur þessa verkefnis eru þeir sem flytja í annað norrænt land. Ágústa sótti vinnufund í verkefninu í Kaupmannahöfn 19. október.

Málrækt

Stofnunin á samvinnu við norrænar systurstofnanir á sviði málræktar. Jóhannes B. Sigtryggsson er norrænn ritari í því samstarfsneti og sótti fund á þess vegum 26.–27. mars sem og norræna málnefndarþingið sem haldið var 19.–21. ágúst í Hróarskeldu. Jóhannes situr jafnframt í ritstjórn tímaritsins Språk i Norden.

Ari Páll Kristinsson og Jóhannes B. Sigtryggsson sitja í norrænum vinnuhópi um málskýrð. Ari Páll vann með fleirum í þeim hópi að undirbúningi faglegrar dagskrár norrænu málskýrðarráðstefnunnar í Ósló í maí. Jóhannes sótti ráðstefnuna.

Ari Páll Kristinsson heimsótti portúgölsku tungumála-stofnunina Instituto Camoes í Lissabon 13. nóvember og átti þar kynningarfund.

Gerður var samningur milli Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum / Háskóla Íslands annars vegar og Háskóla Lettlands í Riga hins vegar um verkefnið Mobility in language, culture and gender studies sem fékk styrk úr þróunarsjóði EES/Noregs. Ari Páll Kristinsson tók á móti Inu Druvieta prófessor sem dvaldist við rannsóknir í Reykjavík 2.–29. september.

Ari Páll Kristinsson er fulltrúi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á vettvangi EFNIL (European Federation of National Institutions for Language) ásamt fulltrúa Íslenskrar málnefndar. Ari Páll sótti þing EFNIL í Helsinki í október.

MENOTA – Medieval Nordic Text Archive

Stofnunin á aðild að þessum textabanka með norrænum miðaldatextum. Fulltrúi stofnunarinnar er Haukur Þorgeirsson.

Nafnfræði

Nafnfræðisvið er í nánu sambandi við Norrænu nafnfræðisamtökin, NORNA (www.norna.org). Samtökin standa að ýmiss konar funda- og ráðstefnuhaldi auk útgáfu og fræðilegs samstarfs. Hallgrímur J. Ámundason situr í stjórn samtakanna fyrir hönd Íslands og Guðrún Kvaran er varamaður. Stjórnin fundar að jafnaði tvisvar á ári í einhverju norrænu landanna þar sem útgáfur, ráðstefnur, fundir og þing eru skipulögð. Á vegum samtakanna eru árlega birtar ritaskrár yfir útgefið nafnfræðiefni í hverju landi og ársskýrslur frá hverju landi eru birtar í tímaritinu *Namn och bygd* sem gefið er út í Svíþjóð. Samstarf er einnig við Örnefnanefnd Sameinuðu þjóðanna, UNGEGN, einkum norræna hlutann, Norden Division.

Íslenskukennsla erlendis

Stofnunin annast stuðning við kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við mennta- og menningar-málaráðuneyti.

Árið 2015 voru fjórtán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Voru flestir kennararnir, sem sinntu kennslunni, í fullu starfi: fimm á Norðurlöndum, þrír í Þýskalandi, tveir í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi, einn í Kanada og einn í Kína.

Sérstakir samningar voru í gildi um framlög til íslenskukennslu við Humboldtháskóla í Berlín og Manitobaháskóla í Winnipeg.

Annars staðar byggjast framlög á bréflugu vilyrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda kennurunum að hafa samband við heimalandið. Allir kennarastólarnir fá nokkurn bókastyrk árlega.

Stundakennsla í íslensku við Cambridgéháskóla var styrkt með fjárframlagi á skólaárinu 2014–2015. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Wasedaháskóla styrkt en þarlendir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Lektorafundur

Fertugasti og annar fundur íslenskukennara erlendis var haldinn á stofnuninni laugardaginn 30. maí. Alþjóðasvið skipulagði fundinn í samráði við íslenskukennarana. Fundinn sóttu sextán kennarar, sem gegndu störfum á vörmisseri 2015, auk Úlfars Bragasonar.

Á fundinum var rætt um íslenskukennslu erlendis og kennarar gerðu grein fyrir skýrslum um störf sín skólaárið 2014–2015. Af þeim sést að íslenskukennsla við erlenda háskóla er öflug og áhuginn á kennslunni mikill. Á hvert sækja á annað þúsund nemandar námskeið í íslensku við háskóla erlendis. Þá kynntu Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir, aðjúntkar í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands,

Jón Karl Helgason, prófessor við Háskóla Íslands, og Bjarni Benedikt Björnsson, íslenskukennari við Sorbonne í Frakklandi, nýtt kennsluefni í íslensku sem öðru máli og Þórdís Úlfarsdóttir og Halldóra Jónsdóttir sögðu frá ISLEX-verkefninu.

Eftir fundinn var haldinn aðalfundur Samtaka sendikennara í íslensku erlendis. Fundurinn samþykkti ályktun um íslenskukennslu við erlenda háskóla sem send var menntamálaráðherra.

Í tengslum við lektorafundinn var efnt til ráðstefnu um íslensku sem annað mál í Norræna húsinu 29. maí. Allir þeir sem sóttu lektorafundinn sátu ráðstefnuna. Ráðstefnuna sóttu einnig kennarar sem sinna íslenskukennslu útlendinga á Íslandi á ýmsum vettvangi. Á henni var fjallað um mörg efni sem snerta starf þeirra sem kenna útlendingum íslensku: kennsluefni og kennsluefnisgerð, hvernig nemendur nýta sér netefni í íslensku, tileinkun afmarkaðra þátta málsins, bókmenntakennslu o.fl. Sjá útdrátti erinda hér: http://www.arnastofnun.is/page/malthing_um_islensku_sem_annad_og_erlent_mal_utdraettir

Samráðsnefnd vegna íslenskukennslu erlendis

Úlfar Bragason á sæti í samráðsnefndinni með tveimur fulltrúum tilnefndum af Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Bergljótu Kristjánsdóttur prófessor og Þóru Björk Hjartardóttur dósent. Samráðsnefndin fjallar um umsóknir um kennarastöður erlendis og er stofnuninni til ráðgjafar í málefnum íslenskukennslu við erlenda háskóla.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992. Nú er Þóra Björk Hjartardóttir dósent varamaður hans. Nefndin kom tvisvar saman til fundar á árinu, í Kaupmannahöfn 6. mars og í Lundúnum 30. október. Í tengslum við fundinn í Lundúnum heimsóttu nefndarmenn nokkra háskóla á Bretlandseyjum og ræddu stöðu kennslu Norðurlandamála þar.

Nefndin studdi menningarkynningarverkefni við háskólana í Vín í Austurríki, Köln og Freiburg í Þýskalandi á árinu 2015.

Upplýsingar um starfsemi nefndarinnar voru settar á vefsíðu hennar. Slóðin er: <http://samarbetsnamnden.org>

Gestir í fræðimannsíbúðum

Gestir í íbúð stofnunarinnar í Hvassaleiti 30 árið 2015 voru: Astrid Ogilvie frá Noregi, Rósa Magnúsdóttir frá Danmörku,

Jiri Vnoucek frá Danmörku, Natalie Van Deusen frá Kanada og Rasa Baranauskiené frá Litháen.

Gestir í íbúð í Þingholtsstræti 29 árið 2015 voru: Gary Laverty frá Bandaríkjunum, Ivar Berg frá Noregi, Hjalmar Petersen frá Færeyjum, Jiri Vnoucek frá Danmörku, Beeke Stegmann frá Danmörku, Oleksandr Mykhed frá Úkraínu, Jean Christophe Slaaün frá Frakklandi, Alison Finlay frá Bretlandi og Einar Már Jónsson frá Frakklandi.

Nordkursnefnd

Norræn nefnd, sem starfar með stuðningi Norrænu ráðherra-nefndarinnar og skipuleggur sumarnámskeið í Norðurlandamálum og -bókmenntum fyrir norræna háskólanema, hélt ársfund sinn í Þórshöfn í Færeyjum 18.–19. september. Úlfar Bragason situr í nefndinni. Auk hans sótti Guðrún Laufey Guðmundsdóttir verkefnisstjóri fundinn.

Snorrastyrkir

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í þrjá mánuði hið minnsta í því skyni að kynnst sem best íslenski tungu, menningu og mannlífi. Miðast þeir að öðru jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá Íslandi og dvalarkostnaði innanlands. Auk Úlfars Bragasonar eiga sæti í úthlutunarnefndinni Pétur Gunnarsson rithöfundur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, og Ásdís Egilsdóttir dósent, fulltrúi Bókmenntafræðistofnunar Háskóla Íslands.

Á árinu 2015 nutu þrjú mánaða styrkja hvort: Rasa Baranauskiené, lektor í sænsku og íslensku við Vilniusháskóla, til að þýða Njáls sögu á litáisku. Alison Finlay, prófessor í enskum og íslenskum miðaldabókmenntum við Lundúnaháskóla, til að vinna að þýðingu á Sturlunga sögu á ensku. Oleksandr Mykhed, dósent í ritlist við Taras Shevchenko þjóðarháskólann í Kænugarði, til að skrifa bók um samtímameningu hér á landi.

Stúdentastyrkir mennta- og menningarmálaráðuneytis

Frá hausti 2010 annast Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum umsýslu styrkja mennta- og menningarmálaráðuneytis til erlendra stúdenta til íslenskunáms við Háskóla Íslands. Alls bárust 99 gildar umsóknir um styrki fyrir árið 2015–2016, þar af 11 um framhaldsstyrk. Niu nemendur fengu framhaldsstyrk en sjö hlutu styrk til að hefja nám í íslensku sem öðru máli.



Stúlkur í þjóðbúningum fjögurra Norðurlanda veifa fánum.
Ljósmyndari: Emilia Antonsdóttir Blöndal (1897–1987).
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: EYJ 083.

NoFF ofl.

Rósa Þorsteinsdóttir sótti árlegan fund NoFF (Nordiskt forum för folkmusikforskning och –dokumentation / Nordic Forum for Folk Music Research and Documentation) sem að þessu sinni var haldinn í Ósló í október. Hún sat einnig fund sem haldinn var í Dyflinni í mars þar sem rætt var um frekara samstarf þjóðfræðisafna í Evrópu.

Útgáfa á kveðskap tíu íslenskra kvæðamanna

Rósa Þorsteinsdóttir vinnur áfram með Svend Nielsen að undirbúningi á útgáfu á kveðskap tíu íslenskra kvæðamanna í upptökum sem hljóðritaðar voru af Hallfreði Erni Eiríkssyni og Svend Nielsen við Dansk folkemindesamling á 7. áratug síðustu aldar.

Víkiga- og miðaldafræði

Gisli Sigurðsson er í stjórn norræns meistaranáms í víkiga- og miðaldafræðum.

Minnisrannsóknir

Gisli Sigurðsson tekur þátt í alþjóðlegu verkefni um minnisrannsóknir og sótti málstofu í nóvember í því verkefni í Zürich.

SAMSTARF INNANLANDS

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Gagnagrunnurinn www.handrit.is er samstarfsverkefni stofnunarinnar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Nordisk forskningsinstitut í Kaupmannahöfn. Þessir þrjú aðilar starfa einnig saman að alþjóðlegum sumarskóla í handritafræðum.

Hið íslenska fornritafélag

Stofnunin er í samstarfi við Hið íslenska fornritafélag sem meðal annars felst í því að ýmsir starfsmenn Árnastofnunar vinna að og hafa unnið að útgáfum á vegum félagsins. Jafnframt hefur ritstjóri *Íslenzkra fornrita* vinnuáðstöðu á Árnastofnun í Árnagarði.

Örnefnanefnd

Stofnunin annast skrifstofuhald fyrir Örnefnanefnd. Ný nefnd var skipuð á árinu 2015 í kjölfar þess að sett voru ný lög á alþingi um örnefni nr. 22/2015. Talsverð breyting var gerð á eðli og starfi nefndarinnar með nýju lögnum. Meginhlutverk nefndarinnar var áður að úrskurða um nöfn á nýjum lögbýlum og breytingar á nöfnum eldri býla. Þetta verkefni hefur verið flutt til sveitarfélaga en nefndin er nú eftirlitsaðili og veitir álit og úrskurð ef ágreiningur ris um nöfn. Nefndin úrskurðar einnig um hvaða nöfn skuli standa í opinberum örnefnagrunni, á opinberum skiltum og veitir umsagnir, s.s. vegna nýrra náttúruferjaþæra eða nýrra sveitarfélaga. Á árinu 2015 gaf nefndin m.a. umsagnir um nöfn á nýju hrauni í Holuhrauni norður af Bárðarbungu í Vatnajökli, um tillögur um nafn Sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps, og varðandi breytingar á rithætti örnefnisins Vatnsfell/Wattsfell. Þá vinnur nefndin að samningu verklagsreglna fyrir sveitarfélög vegna nýrra nafna eða breytinga á nöfnum. Einnig er samning reglugerðar í farvatninu. Nefndarmenn eru, skipaðir frá 1. júlí 2015: Þórunn Sigurðardóttir formaður (varamaður: Haraldur Bernharðsson), Halldór Blöndal varaformaður, Gunnar H. Kristinsson (varamaður: Danfríður Skarphéðinsdóttir), Hallgrímur J. Ámundason (varamaður Jónína Hafsteinsdóttir), Margrét Jónsdóttir (varamaður: Sigurður Konráðsson).

Landmælingar Íslands

Einn meginsamstarfsaðili nafnfræðisviðs eru Landmælingar Íslands. Reglubundið samráð er milli stofnananna um örnefni á kortum. Afrakstur samvinnunnar er m.a. að finna í Örnefnasjá Landmælinga á netinu (<http://atlas.lmi.is/ornefnasja>).

Fjöldmargir skráningaraðilar vitt og breitt um landið sinna skráningu örnefna í Örnefnasjá og njóta við þá vinnu stuðnings starfsmanna Landmælinga Íslands og nafnfræðisviðs. Grunnur að örnefnaskráningu er í flestum tilfellum örnefnaskrár sem varðveittar eru í Örnefnasafni.

Máltækni-setur

Máltækni-setur er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hlutverk setursins er að vera miðstöð íslenskrar máltækni með því m.a. að eiga frumkvæði að og taka þátt í rannsóknum og hagnýtum verkefnum á því sviði, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um máltækni, standa fyrir ráðstefnum og reka vefsíðu þar sem miðlað er upplýsingum um íslenska máltækni. Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn setursins er Sigrún Helgadóttir. Af ýmsum ástæðum var lítil starfsemi á vegum setursins á árinu 2015.

Almannarómur

Sjálfsseignarstofnunin Almannarómur var stofnuð í júní 2014. Markmið sjálfsseignarstofnunarinnar er tvíþætt, annars vegar að auka samkeppnisfærni íslenskra fyrirtækja og hins vegar að auka mannréttindi og bæta samfélagið. Árnastofnun á aðild að Almannarómi. Guðrún Nordal er formaður fulltrúaráðs og Sigrún Helgadóttir er formaður stjórnar. Almannarómur tók þátt í umsókn í Máltækni-sjóð í samstarfi við Jón Guðnason og Trausta Kristjánsson fyrir verkefnið *Fri og opin talgreining fyrir íslensku*. Verkefnið fékk styrk upp á 14,4 milljónir króna til eins árs. Verkefnið er unnið í Háskólanum í Reykjavík.

Íslensk málnefnd

Stofnunin er skv. lögum skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Af hálfu stofnunarinnar er Jóhannes B. Sigtryggsson samverkamaður og ritari Íslenskrar málnefndar með málfrelsi og tillögu-rétt á fundum hennar. Hann annast skrifstofuþjónustu við málnefndina og sér um vefsíðu hennar. Sjá nánar hér: <http://islenskan.is/images/Samstarfssamningur-IM-og-SAM.pdf>

Rannsóknarstofa í máltileinkun

Hugvísindastofnun samþykkti reglur um Rannsóknarstofu í máltileinkun (RÍM) á vormisseri 2010. Markmiðin með henni eru að: 1) efla þverfaglegt rannsóknar- og þróunarsamstarf,

innlent og alþjóðlegt, á sviði annarsmálsfræða, 2) koma á fót gagnagrunni um tileinkun máls og menningar og safna upplýsingum um slík rannsóknargögn, 3) miðla þekkingu á annarsmálsfræðum, t.d. með umræðufundum, málþingum og útgáfu nettímarits, 4) stuðla að bættum ritakosti á fræðasviðinu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á aðild að rannsóknarstofunni og situr Úlfar Bragason í stjórn hennar. Stofan gekkst fyrir málstofu á Hugvísindapíngi 2015 og umræðufundum um annarsmálsfræði á vor- og haustmíssi. Þá stóð RÍM að ráðstefnu um íslensku sem annað mál sem fram fór í Norræna húsinu 29. maí.



Sýningin Sjónarhorn í Safnahúsinu er um íslenskan myndheim fyrr og nú.

Málnefnd um íslenskt táknmál

Stofnunin er skv. lögum skrifstofa Málnefndar um íslenskt táknmál. Ari Páll Kristinsson var varaformaður málnefndarinnar til loka október þegar skipunartími nefndarinnar rann út. Ari Páll baðst þá undan endurskipun í nefndina. Dagleg umsjón starfseminnar fer fram í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.

Orðanefndir

Innlent samstarf í iðorðamálum felst í aðstoð við orðanefndir og aðra höfunda sérhæfðra orðasafna, rekstri Íðorðabanka Árnastofnunar og hvatningu og stuðningi við gerð nýrra iðorðasafna og aðstoð við rafræna og prentaða útgáfu iðorðasafna.

Formaður orðanefndar læknafélaganna, Jóhann Heiðar Jóhannsson, hafði fasta vinnuáðstöðu á málræktarsviði þar sem hann vann í hlutastarfi við endurbætur á iðorðasafni lækna. Ágústa Þorbergsdóttir átti á árinu samstarf við ýmsar fleiri orðanefndir, t.a.m. líforðanefnd, orðanefnd arkitekta, orðanefnd LÍSU, orðanefnd í atferlisfræðum, orðanefnd í hannyrðum, orðanefnd í tómstundafræðum og orðanefnd í menntunarfræðum, og við aðra sérfræðinga og iðorðasafna-höfunda.

Dagur íslenskrar tungu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, eins og á umliðnum árum, að skipuleggja hátíðardagskrá í tilefni af degi íslenskrar tungu, undirbúa afhendingu verðlauna og viðurkenninga, kynningu á hátíðisdeginum á vef og í fjölmiðlum o.fl. Guðjón Friðriksson, rithöfundur og sagnfræðingur, hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2015. Sérstaka viðurkenningu í tilefni dagsins hlaut Bubbi Morthens. Hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis var haldin í Bókasafni Mosfellsbæjar 16. nóvember kl. 16–17. Jóhannes B. Sigtryggsson og Hjördís Erna Sigurðardóttir sáu um undirbúning dagsins.

Orð ársins 2015

Ágústa Þorbergsdóttir sat í undirbúningshópi um orð ársins í íslensku í samstarfi við RÚV og Mími, félag stúdenta í íslensku og almennum málvísindum.

Hýryrði 2015

Ágústa Þorbergsdóttir sat í undirbúningshópi og dómnefnd fyrir samkeppni Samtakanna '78 sem fékk heitið Hýryrði 2015 um orð í hinseginnorðafórðanum sem hafa ekki fengið íslenska þýðingu.

Gunnarsstofnun

Svanhildur Óskarsdóttir er fulltrúi stofnunarinnar í stjórn Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri en Rósa Þorsteinsdóttir er varamaður hennar.

Snorrastofa

Margrét Eggertsdóttir er fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis í stjórn Snorrastofu í Reykholti, skv. tilnefningu stofnunarinnar, en Úlfar Bragason er varamaður hennar.

Rannsóknarstofa í tónlistarfræðum

Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn Rannsóknarstofu í tónlistarfræðum er Rósa Þorsteinsdóttir.

Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar

Rósa Þorsteinsdóttir situr í stjórn Rannsóknarsjóðs Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar.


Sjónlist í Safnahúsinu

Gísli Sigurðsson var fulltrúi stofnunarinnar í sýningarnefnd vegna nýrrar sýningar um sjónlistir sem opnuð var í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

VIÐBURÐIR 2015



Nemendur í sumarskóla heimsækja Þingvelli.



Ágústa Þorbergsdóttir afhendir regnhlífina til Noregs sem tákni um að það land hafi formennsku í norrænu iðorðasamtökunum Nordterm næstu 2 árin.



Frá ársfundinum í maí 2015.

Janúar

Pistlaröð í tilefni af aldarafmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi ýtt úr vör á heimasíðu stofnunarinnar. Alls birtust 40 pistlar jafnt og þétt yfir árið.

Ritið *66 handrit úr fórum Árna Magnússonar* kemur út í danski og enski þýðingu.

Tvö rannsóknarverkefni á vegum stofnunarinnar hljóta styrki úr Rannsóknasjóði (RANNÍS). Þau leiða annars vegar Ludger Zeevaert og hins vegar Rósa Þorsteinsdóttir og Terry Gunnell.

Rask-ráðstefnan um íslenskt mál og almenna málfræði haldin í 29. sinn í Þjóðminjasafni Íslands 31. janúar.

Febrúar

Degi íslenska táknaþáttarinnar haldið í þriðja sinn 11. febrúar.

Mars

Sýning á fjórum handritum og einu fornbréfi, sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum varðveitir, opnuð í húsakynnum Landnámssýningarinnar, Aðalstræti 16, 21. mars. Allir sýningargripirnir tengjast landnámi og sögu Reykjavíkur.

Bókin *Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum* eftir Konrad Maurer kemur út í ritstjórn Rósu Þorsteinsdóttur. Bókin er þýðing á þjóðsagnasafni sem kom út í Þýskalandi árið 1860.

Færeyskur hluti ISLEX-orðabókarinnar opnar.

Apríl

Tímaritið *Orð og tunga* 17 kemur út.

Sýningin Sjónarhorn opnuð í Safnahúsinu við Hverfisgötu 18. apríl. Á sýningunni eru sjö Jónsbókarhandrit frá stofnuninni auk ljósmynda og eftirgerða af handritum.

Jens Stoltenberg fyrrverandi forsætisráðherra Noregs kemur í heimsókn og skoðar handrit með föruneysi sínu.

Mai

Málþing um handritamenningu síðari alda haldið í ráðstefnusal Þjóðarbóklöðunnar 9. maí. Þar voru kynntar niðurstöður rannsókna sem unnar hafa verið innan fjögurra stórra rannsóknarverkefna sem styrkt voru af Rannsóknasjóði á árunum 2010–2015.

Opnað fyrir fyrstu tilnefningar á landskrá Íslands um Minni heimsins, varðveisluskrá UNESCO um menningararf þann 13. maí.

Ársfundur stofnunarinnar haldinn 20. maí.

Málþing um íslensku sem annað og erlent mál haldið í Norræna húsinu 29. maí.

Árlegur fundur háskólakennara í íslensku erlendis haldinn í Reykjavík 30. maí.

Nafnfræðisvið hefur söfnun örnefna og annarra heita í Vesturbæ Reykjavíkur.

Samstarfssamningur milli Háskólasjóðs H/f Eimskipafélags Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum



Signe Hjerrild Smedemark forvörður.

Jens Stoltenberg skoðar handrit.

um söfnun upplýsinga um handrit í Vesturheimi og skráningu þeirra á stafrænt form undirritaður til þriggja ára. Einnig samningar við Eimskipafélag Íslands og Landsbanka Íslands um styrki til verkefnisins.

Farkennsla Svanhildar Maríu Gunnarsdóttur safnkennara í grunnskóla á landsbyggðinni stendur yfir 5.–8. maí. Að þessu sinni voru fjórir grunnskólar á Snæfellsnesi heimsóttir: Lýsuhólsskóli og grunnskólarnir í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi auk Grunnskólans á Reykhólum í Reykhólahreppi.

Júni

Sumarskóli í íslensku máli og menningu hefst. Fjögurra vikna námskeið fyrir norræna stúdenta haldið sem og hálfmánaðar námskeið fyrir ungmennti af íslenskum uppruna frá Kanada og Bandaríkjunum.

Norrænir iðorðadagar, Nordterm 2015, haldnir í Reykjavík 9.–12. júní.

Árlegt þing norrænu málnefndanna haldið 20.–21. júní í Hróarskeldu í Danmörku.

Samræmd og endurnýjuð ríkjaheftaskrá, unnin af samstarfshópi fulltrúa frá Hagstofu Íslands, Íslenski málnefnd, Ríkisútvarpinu, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og utanríkisráðuneytinu, birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Ritið *Sagnalíf – sextán greinar um fornar bókmenntir* eftir Jónas Kristjánsson fyrrum forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi kemur út.

Júlí

Fjögurra vikna alþjóðlegt námskeið í sumarskóla í íslensku máli og menningu haldið í Reykjavík.

Signe Hjerrild Smedemark forvörður hefur störf. Hún er eftirmaður Hersteins Brynjólfssonar, forvarðar til margra ára, sem lét af störfum sökum aldurs.

Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, sem starfsmenn stofnunarinnar sjá um, gefur út afmælisritin *Ástumál kveðin Ástu Svavarsdóttur sextugri 19. janúar 2015* og *Gamanleikir Terentíusar settir upp fyrir Terry Gunnell sextugan 7. júlí 2015*.

Ágúst

Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum haldinn í tólfta sinn, að þessu sinni í Reykjavík.

Hluti af starfsemi stofnunarinnar flyst á Laugaveg 13. Um er að ræða málræktarsvið, nafnfræðisvið og orðfræðisvið sem áður voru til húsa að Neshaga 16.

Stofnunin tekur þátt í Menningarnótt með sérstöku ritveri sem safnkennari annast. Þar fengu áhugasamir gestir meðal annars að rita á skinn með fjaðrapenna og bleki soðnu úr sortulyngi, krækiberjum og víði.

Málþing um málfar og handrit að fornu og nýju, einkum í tengslum við Skagafjörð og Skagafirðinga, haldið í Kakalaskála í Skagafirði 29. ágúst.

VIÐBURÐIR 2015



Frá alþjóðlegum sumarskóla í handritafræðum.



Ari Páll Kristinsson og Jón Hilmar Jónsson við flutninga á Laugaveg.



Gisli Sigurðsson sýnir Werner Herzog og börnum hans handrit.

September

Þverfagleg málstofa um vesturíslenskt mál og menningu haldin alla fimmtudaga á haustmisseri í Árnagarði.

Bo Ralph flytur Sigurðar Nordals fyrirlestur á fæðingardegi hans 14. september.

Kristín Una Friðjónsdóttir MA er ráðin deildarstjóri á alþjóðasviði.

Vinna við franska hluta ISLEX-orðabókarinnar hefst í Reykjavík. Áætluð verklok eru síðla árs 2018.

Október

Bókin *Heiður og huggun. Erfiljód, harmljód og huggunarkvæði á 17. öld* eftir Þórunni Sigurðardóttur kemur út.

Nóvember

Tvö handrit Njálu sýnd í Sögusetrinu á Hvolsvelli á Njálulokahátíð 7. nóvember.

Johan Peter Gumbert flytur Árna Magnússonar fyrirlestur á fæðingardegi hans 13. nóvember. Er þetta í þriðja sinn sem fyrirlestur er fluttur á þessum degi í minningu Árna Magnússonar.

Deigi íslenskrar tungu fagnað í tuttugasta sinn um land allt 16. nóvember.

Myndum á vefnum handrit.is fjölgar ört. Nýjar myndir af Flateyjabók GKS 1005 fol. bætast í hópinn en þar voru fyrir handrit á borð við Konungsbók Eddukvæða, Skarðsbók

Jónsbókar, aðalhandrit Stjórnar, Konungsbók Snorra-Eddu, Möðruvallabók og Löngu-Eddu.

Werner Herzog kom með kvikmyndateymi til að mynda Konungsbók Eddukvæða. Voru upptökurnar liður í gerð heimildarmyndar um áhrif eldgosa á mannlíf. Sérstaklega var sjónum beint að erindunum í Völuspá sem virðast innblásin af reynslu af eldgosum.

Gagnvirkt Íslendingasagnkort hlýtur Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands 2015. Emily Lethbridge, nýdoktor við Miðaldastofu, stýrir verkefninu.

Desember

Ráðstefna um vestur-íslenskt mál og menningu sem tengist rannsóknarverkefninu „Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd“ sem hlaut styrk úr Rannsóknasjóði (RANNÍ) haldin í Þjóðminjasafni Íslands 2. desember.

Kathleen Forni, prófessor við Loyolaháskólann í Maryland, Lena Rohrbach, prófessor við Humboldtháskólann í Berlín og Leszek Gardela, lektor við Rzeszówháskólann í Póllandi, hljóta Snorrastyrki 2016 til þriggja mánaða hvert.

Eva María Jónsdóttir MA ráðin vef- og kynningarstjóri stofnunarinnar frá 1. janúar 2016.

Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, sem starfsmenn stofnunarinnar sjá um, gefur út afmælisritið *Svanafjaðrir skornar Svanhildi Mariu Gunnarsdóttur fimmtugri 2. júlí 2015*.

Tímaritið *Gripla* 26 kemur út.

Ritaskrá og fyrirlestrar starfsmanna árið 2015

Ari Páll Kristinsson

„Af hverju er ö aftast í íslenska stafrófinu?“ *Visindavefurinn* (birt 6. október). <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=70555>

„Fram og aftur blindgötuna – eða „Hvenær verður fundurinn sem var færður fram?““ Í *Ástumál kveðin Ástu Svavarsdóttur sextugri 19. janúar 2015*, 3–4. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen.

„Frá Íslenska málfraeðifélaginu: Skýrsla um starfsemi félagsins frá 17. febrúar 2014 til 9. febrúar 2015.“ *Íslenskt mál og almenn málfraeði* 37:211–216.

„Hvers vegna voru stafirnir c, q, z og w felldir úr íslenska stafrófinu?“ Pistill á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (birt 31. mars). http://www.arnastofnun.is/page/frettasafn_frett&detail=1028730

„Hvers vegna voru stafirnir c, q, z og w felldir úr íslenska stafrófinu?“ *Visindavefurinn* (birt 1. apríl). <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=69528>

„Implications of language contact: Evaluating the appropriateness of borrowings in written Icelandic.“ Meðhöf. Amanda Hilmarsson-Dunn. Í *New Trends in Nordic and General Linguistics*. Ritstj. Martin Hilpert, Janet Duke, Christine Mertzlufft, Jan-Ola Östman og Michael Riebler, 55–67. *Linguae et Litterae*, Berlín: De Gruyter Mouton.

„Íslenska stafrófið.“ *Stafróf og stafrófsröð*. Endurskoðuð útgáfa. 13 bls. pdf-skjal. Á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (birt í mars). <http://www.arnastofnun.is/page/stafróf>

„Jákvæðniskanni óskast.“ *Morgunblaðið* 20. apríl.

„Konur og karlar í *Nýyrðum I.*“ *100 ára / kosningaréttur kvenna á Íslandi. Konan í menningarsögunni*. Pistill á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (birt 15. desember). http://www.arnastofnun.is/page/ari_pall_kristinsson

„Orðmyndun með liðnum *-liti-*.“ Í *Svanafjaddir skornar Svanhildi Mariu Gunnarsdóttur fimmtugri 2. júlí 2015*, 39–41. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen.

„Ritmálið, talmálið og Snorri.“ *Fréttablaðið* 1. desember.

„Við í Tækniskólanum ætlum að fresta fundi en erum ósammála. Getið þið hjálpað?“ [Um orðalag um tímasetningar]. *Visindavefurinn* (birt 19. maí). <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=70014>

[Ritstj.] *Orð og tunga* 17 (2015). ix + 165 bls.

[Ritstj.] *Ríkjaheiti*. Ný útg. Á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum <http://www.arnastofnun.is/page/rikjaheiti> og í Íðorðabankanum <http://www.ordabanki.hi.is>

Fyrirlestrar og erindi:

„Fólk er bara alveg hætt að vanda sig.“ Íslensk málvöndun og breyttir tímar.“ Hádegiserindi á vegum klúbbsins Rótarý Reykjavík-Miðborg á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember.

„Góð málnotkun. Um ýmis algeng úrlausnarefni í vönduðu ritmáli.“ Erindi hjá Lögmannafélagi Íslands 5. október.

„Language in public administration in present-day Iceland: Some challenges for majority language management.“ Ráðstefnan *Language use in public administration – theory and practice in the European states*. Helsinki, 8. október.

„Sprog og sprogplanlægning.“ Fyrirlestur fyrir háskólanema á *Nordkurs*, 16. júní.

„Svahlí, svartfellska, svissþýska... Tungumálaheiti í íslenskum búningi.“ Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 23. janúar.

Ágústa Þorbergsdóttir

„Kan termerne være hist og her? Om ulike løsninger for organisering av terminologiressurser – samling eller spredning.“ *Terminologen*. Språkrådets skriftserie for terminologi og fagspråk 5. Ritstj. Jan Hoel, 33–42. Oslo: Språkrådet.

[Ritstj.] *Íðorðabanki Árnastofnunar*. www.ordabanki.hi.is

Fyrirlestrar og erindi:

„Ansvar for terminologi i Island.“ Erindi á ráðstefnunni Nordterm 2015. *Forvaltning af fagsprog i samfundet. Hvem har ansvaret? Hvem tager ansvaret?* 11. júní.

„Íslenska sem tæknimál.“ Erindi á málstofu á vegum Tækniskólans í tilefni 100 ára afmælis vélstjórnarmenntunar á Íslandi, 9. október.

„Leikur að orðum – Hugtök í fræðunum.“ Erindi á ráðstefnu um stefnumótun í æskulýðsmálum 2014–2018 á vegum Félags íþróttá-, æskulýðs- og tómskundafulltrúa, Félags fagfólks í frítímabýjónustu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi, 16. október.

Ásta Svavarsdóttir

„Baráttan um tungumálið: Gleðikonur, gleðimenn og annað fólk.“ *100 ára / kosningaréttur kvenna á Íslandi. Konan í menningarsögunni*. Pistill á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. http://www.arnastofnun.is/page/asta_svavarsdottir

„Fallmörkun.“ Í *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður; Tölfræðilegt yfirlit*. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.), 33–76. Reykjavík: Málvisindastofnun Háskóla Íslands. [Ásamt Höskuldi Þráinssyni, Þórhalli Eyþórssyni og Þórunni Blöndal.]

„Málstöðlun og málvistfræði“ (umsagnir um ritin *Language (De)standardization in Late Modern Europe* (2013) og *Language Ecology for the 21st century: Linguistic Conflicts and Social Environments* (2013)). *Íslenskt mál og almenn málfraeði* 36:165–171.

Fyrirlestrar og erindi:

„Language ideologies in 19th century Iceland: Perspectives, data and research methods.“ Erindi á málþinginu *Tracking down ideologies – workshop on the methodologies of language ideological research*, Háskólanum í Helsinki 27. febrúar.

„Rætur og upphaf vesturíslensku / The Roots and Origins of North American Icelandic.“ Erindi á ráðstefnunni *Vesturíslenskt mál og menning / Icelandic and Other Nordic Languages and Cultures in the Americas*; haldin í Þjóðminjasafni 2. desember.

Emily Lethbridge

„A Footnote to a Footnote.“ Í *Gamanleikir Terentiusar settir upp fyrir Terry Gunnell sextugan 7. júlí 2015*. Ritstj. Rósa Þorsteinsdóttir, Aðalheiður Guðmundsdóttir og Andrew Wawn, 23–24. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen.

„Building cyberinfrastructure from the ground up for the North Atlantic Biocultural Organization: Introducing the cyberNABO project." *Digital Heritage Journal* 2015, 2:457–460. [Ásamt C. Strawhacker (aðalhöfundur), P. Buckland, G. Pálsson, A. Frídríksson, A. Brin, R. Opitz, T. Dawson.]

„Hauksbók." Í *66 Manuscripts from the Arnarnagnæan Collection [og] 66 händskrifter fra Arne Magnussons samling*. Ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Matthew James Driscoll, 90–91. Copenhagen: The Arnarnagnæan Institute. Department of Nordic Research, The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies, Museum Tusulanum Press.

„Islands narrative Landschaften." Í *Culturescapes Island - zwischen Sagas und Pop*. Ritstj. Florence Crozier og Ursula Giger, 41–44. Basel: Christoph Merian Verlag.

[Ritd. um] William Ian Miller. *Why Is Your Axe Bloody? A Reading of Njál's saga* (Oxford: Oxford University Press, 2014), *Textual Practice Journal* 29, 6: 1194–1198.

Fyrirlestrar og erindi:

„Digital Sagas, Medieval Hypertexts." Erindi flutt á *The Sixteenth International Saga Conference. Sagas and Space*. Zürich og Basel 9.–15. ágúst.

„Gildi og gagnsemi hugvísinda og hlutverk stafrænna hugvísinda við HÍ í framtíðinni: Nokkrar hugleiðingar." Erindi flutt á ársfundi Hugvísindasviðs, HÍ í desember.

„Icelandic Saga Landscapes as Palimpsest." Erindi flutt á alþjóðlegri ráðstefnu *The trouble with memory* haldin við HÍ í samvinnu við Hugvísindafélag (í mars).

„Icelandic Saga Map Project: Mapping Texts, Methodological Challenges." Erindi flutt á árlegri málstofu fyrir RANNÍS-verkefnið *Tími, rými, frásögn og Íslendingasögur* við HÍ í desember.

„Interpreting Iceland's Iconic Landscapes: The Icelandic Saga Map Project." *Erindi flutt á þingi Regional Ecotourism Initiative*, haldið í Madaba, Jordaníu, við Dead Sea and Arava Science Centre, Ben Gurion University Israel & Integrated GREEN Solutions Jordan í febrúar.

„SM Data." Erindi flutt á þingi *Building Cyberinfrastructure*, haldið við Humlab, Háskóla í Umeå, Svíþjóð í mars.

„Íslendingasögur og lestur þeirra á Íslandi." Erindi flutt á föstudagsmálstofu Sagnfræði- og heimspekieildar HÍ í október.

